




**SKOÐUN** Auðvelt er að verða að athlægi meðal þjóða, skrifar Ari Trausti. **12**



**MENNING** Grátbroslegt og ljóðrænt verk sem snertir hjartastrengina. **18**



**LÍFID** Listamannarekna galleríð Kunstschlager er í óðaðnn að koma sér fyrir. **20**



**SPORT** Wayne Rooney stal senunni í enska boltanum í gær með frábæru fagni. **22**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!  
Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

16. mars 2015  
63. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

FRÉTTIR



**Beðið var eftir ESA**

Á meðan ESA, eftirlitsstofnun EFTA, fjallaði um kvörtun frá Iceland Express þótti fjármálaráðuneytinu ekki rétt að hefja ríkt útböð á flugfarmiðum fyrir ríkið. **11**

**Kanadamávarnir skæðir** Íbúi á Álftanesi er ósáttur við að stórir fuglar sæki í æti sem lagt er út. Segir hvítleitt að „vakna upp við gargið í varginum“. **2**

**Lægðagangur á færribandi** Landsmenn mega búast við áframhaldandi lægðagangi næstu daga. Spáð var stormi í nótt, en lægja átti með morgninum. **4**

**Netanjahú stendur tæpt** Núverandi stjórnarmeirihluti Benjamíns Netanjahú í Ísrael virðist vart eiga góða möguleika á því að halda völdum eftir kosningar í landinu á morgun. **6**

## Svipt sjálfræði með vasapeningakerfi

Eygló Harðardóttir, húsnæðis- og félagsmálaráðherra, vill huga að breytingum á svokölluðu vasapeningakerfi á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Formaður Félags eldri borgara segir að aldraðir séu sviptir sjálfræði sínu með kerfinu.

**VELFERÐARMÁL** „Ég tel rétt að huga að breytingum á fyrirkomulaginu,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, um vasapeningakerfi sem er við lýði á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. „Þetta er eitt þeirra atriða sem unnið hefur verið að í tengslum við áform um yfirfærslu á málefnum aldraða til sveitarfélaganna.“

Núna er lífeyrir sem fólk fær frá Tryggingarstofnun greiddur beint inn á heimilið, upp að ákveðnu hámarki, og því síðan úthlutað greiðslum mánaðarlega. Aldraðir hafa lengi barist fyrir breytingum á kerfinu. Innan velferðarráðuneytisins hefur verið starfrækt nefnd um

flutning málefna aldraða til sveitarfélaga, sem til stóð að yrði í byrjun þessa árs. „Skóðaðar hafa verið tillögur um nýtt greiðslu-kerfi sem myndi byggjast á því að einstaklingar greiddu milliliðalaust fyrir alla þá þjónustu sem þeir fá á hjúkrunarheimilum. nema heilbrigðisþjónustu og aðra umönnun,“ segir Eygló. Undir væru þá þættir á borð við mat, þrif, þvott, tómsundastarf og húsaleigu. Þættir sem haft gætu áhrif



EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

á húsnæðiskostnað væru þá meðal annars stærð og gæði húsnæðis, auk tekju- og eignastöðu einstaklinga.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, segir kerfið svipta fólk sjálfræði og vill að fólk fái sjálft greiðslurnar til sín. „Þetta vasapeningakerfi er úrelt á Norðurlöndunum og löngu hætt þar. Öll sambönd eldri borgara hér á landi hafa beðið um að þessu verði breytt,“ segir hún.

Eygló vill fara varlega í breytingar. Til dæmis mætti hefja tilrauna-verkefni á nokkrum hjúkrunarheimilum áður en varanlegar breytingar yrðu gerðar á greiðslufyrirkomulaginu. -vh / sjá síðu 4

Stuttmynd sýnd um helgina:

## Er enn Elsa í nýrri bíómynd

**KVIKMYNDIR** Virði hlutabréfa í fyrirtækjum sem tengjast Frozen-teiknimyndunum jókst fyrir helgi eftir tilkynningu um að von væri á nýrri framhaldsmynd. Nú um helgina var frumsýnd, á undan Disney-mynd um Öskubusku, ný stuttmynd um Önnu og Elsu, aðalpersónur Frozen. Sem fyrr er Ágústa Eva Erlendsdóttir í hlutverki Elsu í íslensku talsetningunni.



ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR

„Þegar ég fór í prufur fyrir hlutverkið óraði mig ekki fyrir þessu. Myndin hefur algjörlega hitt í mark hjá krökkum,“ segir Ágústa Eva. „Ég held að það sé hollt fyrir krakka að sjá öðruvísi hetju en í svo mörgum öðrum teiknimyndum. Segja má að Elsa sé mannleg ofurhetja sem búi yfir ofurkröftum.“ -kak / sjá síðu 26



Bolungarvík	3°		S	20
Akureyri	5°		S	12
Egilsstaðir	6°		S	12
Kirkjubæjarkl.	4°		S	10
Reykjavík	4°		SSV	18

**STORMUR V-TIL** í dag verða sunnan 18-25 m/s V-til fyrir hádegi en annars yfirleitt 10-18. Minnkandi úrkoma en bjart NA-til. Hiti 2-7 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**FJÓLMENNI** Mikill mannfjöldi var saman kominn á Austurvelli upp úr klukkan tvö í gær. Umræðuefni allra ræðumannanna var lýðræðið og ráðherraréðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fólk mótmælti á Austurvelli:

## Skorað var á alla þingmenn

**MÓTMÆLI** Sjö til átta þúsund manns komu saman til friðsamlegra mótmæla á Austurvelli í gær og kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar vegna stefnu hennar og athafna í Evrópumálum.

Skorað var á þingmenn stjórnar jafnt sem stjórnarandstöðu að verja lýðræðið í landinu og vanþóknun lýst á bréfi Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra til Evrópusambandsins.

„Ég held að allir sem eru mættir hérna núna í dag séu mættir til að krefjast þess að ríkisstjórnin vinni fyrir fólkið í landinu en ekki einhverja sérhagsmuni,“ sagði Andri Sigurðsson, einn skipuleggjenda mótmælanna á Austurvelli í gær. -hmp, gb / sjá síðu 8

**KRÓNAN**  
Ávaxtamarkaður Krónunnar

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

**ADEINS 40 kr. STYKKIÐ**  
ef keypt eru 10 stk.  
- annars 50 kr. stk.

## Í Norðvesturkjördæmi einu er meirihluti fyrir frjálsri sölu léttvins og bjórs: Fleiri á móti áfengisölu í búðum

**STJÓRN MÁL** Meirihluti Íslendinga er andvígur því að leyfa sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum. Þetta kemur fram í skoðanakönnun Fréttablaðsins. Alls eru 55 prósent svarenda andvíg því að leyfa bjór og léttvín en 45 prósent eru því hlynnt.

Karlar eru hlynntari því að leyfa bjór og léttvín í verslunum og ungt fólk er hlynntara því en eldri kynslóðir.

Kjösendur stjórnarflokkanna eru á öndverðum meiði gagnvart málinu en kjösendur Sjálfstæðisflokksins eru hlynntastir allra að leyfa sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum. Kjös-



VILHJÁLMMUR ARNASON


endur Vinstri grænna eru málinu andvígastir.

Svarendur í Norðvesturkjördæmi skera sig úr öðrum landslutum en það er eina kjördæmið þar sem naumur meirihluti er hlynntur því að leyfa bjór og léttvín í matvöruverslunum, 52 prósent á móti 48 prósentum.

Könnun Fréttablaðsins spyr um afstöðu til bjórs og léttvins en fyrir Alþingi liggur frumvarp um að leyfa skuli sölu á öllu áfengi í verslunum. Vilhjálmur Arnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og aðalflutningsmaður áfengisfrumvarpsins, segir að þessi þróun sé jákvæðari en margar aðrar kannanir hafi sýnt áður. Hann

### → Afstaða til áfengisölu í verslunum

ALLIR



Miðað við þá sem tóku afstöðu.

mun freista þess að vinna áfengisfrumvarpinu brautargengi á þessu þingi og er viss um að almenningsálitið snúist frumvarpinu í vil þegar umræðan hefst fyrir alvöru á þinginu. -srs / sjá síðu 10

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...  
...góðar fréttir fyrir umhverfið



## SPURNING DAGSINS



Verður þetta úrelt?

„Það er enginn að fara að geyma þetta í rassinum á sér í fimm ár eins í Pulp Fiction.“

Tim Cook kynnti á dögunum til leiks Apple-úrið sem hann telur að muni bylta raftækjamaarkaðnum. Höfður Ágústsson, eigandi Macland, telur lítið mál að fá fólk til að ganga með úr aftur, enda eiga 700 milljónir manna iPhone.

Síldarvinnslan í Neskaupstað tryggir skimun fyrir alla starfsmenn yfir 50 ára

## Mjölsílóíð skartar mottu í mars

**SAMFÉLAGSMÁL** Starfsmenn fiski-mjölsverksmiðjunnar í Neskaupstað taka Mottumars afar alvarlega en á dögunum settu þeir upp mottu á eitt mjölsílóanna. Áður höfðu loðnuskíp Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, Birtingur og Börkur, fengið að skarta mottu.

Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa verið dugleg við að fá starfsmenn sína til að taka þátt í Mottumars en Gunnþór Ingvason, forstjóri Síldarvinnslunnar, hefur um árabíl látið sig þessi málefni varða. „Mér finnst

það vera eitt stærsta heilsufarsmál dagsins í dag og mikilvægt að efla forvarnir og auka þekkingu fólks á þessu krabbameini,” segir Gunnþór.

Síldarvinnslan greiðir allan kostnað fyrir ristilspeglun starfsmanna yfir 50 ára aldri á Heilbrigðisstofnun Austurlands auk þess sem vinnslan færði stofnuninni að gjöf nýtt speglunartæki fyrir skemmstu.

Ristilkrabbamein er þriðja algengasta krabbamein á Íslandi og afar mikilvægt að efla forvarnir gegn þessum skæða vágæsti. - sfs



**MYNDARLEGT MJÖLSÍLÓ** Skipin höfðu fengið mottu og sílóíð mátti ekki verða útundan

HÁKON ERNISSON

Breytt staða í Evrópu:

## Danir og Svíar efla varnir

**SVÍPJÓÐ** Yfirmaður danska hersins, Peter Bartram, segir í viðtali við Jótlandsþóstin að stefnt sé að undirbúningi fyrir viðureign við erfiðari andstæðing en Danir séu vanir að glíma við. Hernaðarsérfræðingur við Kaupmannahafnarháskóla segir sjónum beint að Rússlandi.

Svíar efla líka varnir sínar. Hermenn eiga að hafa fasta bækistöð á Gotlandi í Eystrasalti og viðbúnaður gegn kabátum í sænskri landhelgi verður aukinn. - itbs



### MÓTMÆLA OFBELDIS-VERKI

Nunnur og íbúar komu í gær saman við klausturskólann í Ranaghat, tæpa 80 kílómetra norður af Kolkata á Indlandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hópur ræningja nauðgaði eldri nunnu á laugardagsmorgun: Lögregla handtók átta í gærðag

**INDLAND** Átta menn hafa verið handteknir í tengslum við rannsókn á hópnauðgun í Vestur-Bengal-héraði á Indlandi á laugardagsmorgun, að því er fram kemur í umfjöllun BBC. Um tylft manna réðist inn í klaustur og fór um ránshendi. Þá réðust mennirnir á og nauðguðu 74 ára gamalli nunnu á staðnum.

Konan, sem var talsvert slösuð eftir árásina, er sögð í stöðugu ástandi á sjúkrahúsi í Kolkata.

Kennsl voru borin á sex árásmannanna eftir að í gær voru birtar myndir af þeim úr öryggismyndavél á staðnum, að því er fréttaveita AFP segir. Þá bauð lögregla verðlaun (100.000 rúpiur eða rúmar 200.000 krónur) fyrir upplýsingar um árásmennina. - óká

Danskt tryggingafélag:

## Endurgreiðsla til ökumanna

**DANMÖRK** Danska tryggingafélagið GF Forsikring endurgreiðir nú í mars ökumönnum sem tryggja hjá því 150 milljónir danskra króna. Endurgreiðslan er vegna mikils hagnaðar tryggingafélagsins sem hlýst af lágri tjónatíðni árið 2013.

Samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla samsvarar endurgreiðslan sextán prósentum af iðgjaldi tryggingataka. Þessi háttur hefur verið hafður á í nokkur ár.

Ökumenn sem urðu fyrir tjóni í fyrra fá einnig endurgreiðslu. - itbs

Breytingar á lögum:

## Engin stelpu- og strákanöfn

**FINNLAND** Skipting mannanafna eftir kyni er ónaúðsynleg, að mati finnskra stjórnvalda. Þess vegna standa fyrir dyrum breytingar á lögum um mannanöfn. Sænska fréttaveitan TT greinir frá þessu og vitnar í fréttir finnskra fjölmiðla.

Samkvæmt nýgildandi lögum má ekki gefa stúlku nafn sem litið er á sem karlmannsnafn eða dreng nafn sem litið er á sem kvenmannsnafn. Haft er eftir embættismanni að í framtíðinni nægi væntanlega að nafnið sé ósmekklegt. - ibs



### Á ÁLFTANESI

Tíðin er geysihörð fyrir fugla um þessar mundir svo þeir sækja í æti þar sem það býðst. Ekki er allir sáttir við að það skuli vera á Álftanesi.

# Kanadamávar skæðir í fuglastríði á Álftanesi

Íbúi á Álftanesi er ósáttur við að stórir fuglar sækja í æti sem lagt er út. Hvítleitt sé að „vakna upp við gargið í varginum“. Brynja Valsdóttir sem gefið hefur hröfnunum í árávis segir máva frá Kanada sækja í matinn vegna ætisskorts á Breiðafirði.

**UMHVERFISMÁL** „Mér þykir mjög leitt ef þetta angrar einhvern,” segir Brynja Valsdóttir sem um árabíl hefur gefið hröfnunum á Bessastaðatúninu á Álftanesi.

Þótt Brynja hafi fengið þakki í Facebook-hópi íbúa á Álftanesi eru ekki allir sáttir.

„Gætuð þið hugsað ykkur að fara aðeins fjær byggðinni með þessa matargjöf því þetta er frekar hvítleitt að vakna upp við gargið í varginum fyrir allar aldar,” skrifar til dæmis Bylgja Baldursdóttir sem býr við Suðurtún, í ávarpi á Facebook.

Brynja kveðst hafa gefið hröfnunum á morgnana á Bessastaðatúninu að vetrarlagi í áráraðir. Í óveðrum að undanförunu hafi hún gefið gæsum nærri byggðinni. Mávur og hrafn hafi sótt í það æti.

„Gæsirnir sækja í brauð sem ég gef smáfuglum í garðinum mínum og ég hef því hent brauði á tún handan við veginn til að lokka

þær þangað. Ef það er að angra einhvern þá skil ég það og mun hætta því,” segir hún.

Í vetur hefur bjartmávar sem Brynja segir farflug frá Kanada bæst í hópinn. „Hann er venjulega á Breiðafirði og annars staðar en þar hefur orðið ætishrun,” útskýrir hún.

Bylgja Baldursdóttir segir í fyrirnefndu ávarpi á Facebook halda að vera „vargsins“ svo nærri byggð hafi slæm áhrif á smáfugla sem fólk vilji gjarnan gefa í gördum sínum.

„Persónulega þá finnst mér algjör óþarfi að draga varginum nær byggð í ljósi þess að hann er alveg skelfilegur þegar kemur að ungatímabili smáfuglanna,” skrifar Bylgja.

Brynja bendir hins vegar á að Kanadamávurinn sé sjóflug sem verði farinn fyrir vorid.

Að sögn Brynju kemur hrafninn langt að úr nætur skjóli sínu.

„Það er nánast undantekningarlaust að við á mínu heimili vöknum við gargið í varginum.

Bylgja Baldursdóttir á Álftanesi.

„Hrafnarnir eru vinir mínir og bíða þarna á morgnana eftir að fá matinn. Tíðin í vetur hefur verið skelfileg fyrir alla fugla. Menn hafa gjarnan flokkað þá í góða fugla og vonða og gefa sumum en öðrum ekki. Sumir þeirra geta betur bjargað sér en smáfuglarnir eru algerlega háðir matargjöfum núna,” segir Brynja og bendir á að Álftanes sé fuglasvæði. „Mávurinn er væntanlega þarna hvort sem hann étur úr ætinu sem ég gef hröfnunum eða ekki. Ég get ekki sorterað mávana úr.“

Brynja bætir við að þúsundir manna á höfuðborgarsvæðinu gefi fuglum mat. „Guð launar fyrir hrafninn.“ gar@frettabladid.is

Forseti Vanúatú biðlar til alþjóðasamfélagsins um hjálp við uppbyggingu:

## Pam lagði Vanúatú alveg í rúst

**VANÚATÚ** Átta manns hafa látið lífið og neyðarástandi hefur verið lýst yfir í eyríkinu Vanúatú í Suður-Kyrrahafi eftir að fellibylurinn Pam gekk yfir eyjaklasann.

Fjöldi húsa í höfuðborginni Port Vila lögðust í rúst í storminum og eignatjón er gríðarlegt en gert er ráð fyrir að um 90 prósent húsnæðis í Port Vila séu illa skemmd. Óttast er að tölur um fjölda látinna muni hækka snarlega þegar björgunaraðgerðir hefjast á landsbyggðinni þar sem ríkir mikil fátækt.

Baldwin Lonsdale, forseti Vanúatú, hefur greint frá víðtækri eyðileggingu sem fellibylurinn olli og hefur lýst bylnum sem skrímsli. Hann hefur biðlað til alþjóðasamfélagsins um aðstoð við enduruppbyggingu á eyjunum. Ríkisstjórnir Ástralíu og Nýja-Sjálands hafa sent íbúum Vanúatú hjálpargögn og munu aðstoða við björgunaraðgerðir. Önnur ríki hafa lýst yfir að þau muni einnig veita aðstoð.

Fellibylurinn Pam, sem hefur þegar valdið eyðileggingu á öðrum Kyrrahafseyjum, stefnir nú í átt að Nýja-Sjálandi en styrkur hans fer dvínandi.

- sfs



**VANÚATÚ** Íbúi hreinsar upp rústir húss síns.

UNICEF/AFP

Landsaðgangur | hvar.is  
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM

### Ársfundur

## Landsaðgangs að rafrænum áskriftum

verður haldinn fimmtudaginn 19. mars kl. 15.00

Fundurinn verður í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns í Þjóðarborgklöðu við Arngrímsgötu í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á [www.hvar.is](http://www.hvar.is)



# Eru milljón ferðamenn vandamál?

**Árleg ráðstefna Landsbankans** um stöðu og framtíðarhorfur í ferðaþjónustu á Íslandi verður haldin 24. mars.

Doug Lansky, ferðamálafrömuður, fjallar um ólíkar hliðar á ferðaþjónustu, m.a. það sem gerir ferðamannastaði að vinsælum og farsælum áfangastöðum.

Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Isavia, segir frá fyrirhugaðri uppbyggingu og þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar til næstu 25 ára.

Davíð Björnsson, forstöðumaður á Fyrirtækjasviði Landsbankans, fjallar um hótelferðamarkaðinn í Reykjavík.

Ný greining Hagfræðideildar Landsbankans á stöðu og þjóðhagslegu mikilvægi ferðaþjónustunnar sem m.a. byggir á greiningu ársreikninga rúmlega 1.000 fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Fundarstjóri; **Helga Haraldsdóttir**, formaður stjórnar Inspired by Iceland.

Harpa 24. mars kl. 8.30

Skráning á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

 #ferðaþjónusta2015



Landsbankinn

[landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

410 4000





SVONA ERUM VIÐ



**484.108 sauðkindur voru hér á landi árið 2013, og hafði þeim fjölgað um tæp 30 þúsund frá árinu 2008.**

Veruleg fækkun hefur hins vegar orðið frá árinu 1980 en þá voru samtals 827.589 sauðkindur í sauðfjárbúum landsins.

Heimild: Hagstofa Íslands

Veðurofsa er hvergi nærri lokið, en hvasviðri á næstunni umtalsvert minna en síðasta laugardag:

# Lægðagangur heldur áfram á færribandi

**VEÐUR** Landsmenn mega búast við áframhaldandi lægðagangi næstu daga. Veðurstofan gaf út stormviðvörn í gær en gert er ráð fyrir að stormviðri haldi áfram með morgninum og lægi þegar líður á daginn.

Búast má við slæmu veðri á næstu dögum en engu í líkingu við ofsaveðrið á laugardaginn. „Það verður enn lægðagangur á færribandi,“ segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. „Það verður hvasviðri næsta fimmtudag og laugardag, en það verður ekkert í líkingu við síðasta laugardag. Það mun hvesa og lægja á víxl og við eigum von á rigningu og éli í kjölfarið,“ segir hann.

Ofsaveður gekk yfir landið síðastliðinn laugardag sem olli umtalsverðu tjóni um allt land. Gífurlegt álag var á Neyðarlínunni en um 1.400 símtölum var svarað frá hádegi fram að miðnætti og um 300 björgunarsveitarmenn voru að störfum við aðstoð í óveðrinu víða um land.

Mesta álagið var á höfuðborgarsvæðinu en víða var götum lokað, lausamunir og þakplötur fuku og nokkuð var um vatnsleka.

Í Mosfellsbæ flæddi Varmá yfir bakka sína og olli nokkru tjóni í bænum sem var allur á floti. Þá fuku ótalmargar þakplötur af Egils-höll og flæddi vatn inn í bygginguna. - SFS



Í GRAFARVOGI Víða tókust hlutir á loft í óveðrinu sem gekk yfir landið á laugardag, svo sem þessi gámur sem þurfti að tjóðra niður í Grafarvogi í Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**VIÐBÚNAÐUR** Nýjar höfuðstöðvar Seðlabanka Evrópu sem á að opna á miðvikudag hafa verið girtar af.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Opna á nýjar höfuðstöðvar: Þúsundir mæta til að mótmæla

**ÞÝSKALAND** Búist er við að þúsundir taki þátt í mótmælum sem boðuð hafa verið í Frankfurt í Þýskalandi í tengslum við formlega opnun nýrra höfuðstöðva Seðlabanka Evrópu á miðvikudag.

Boðuð mótmæli eru haldin undir yfirskriftinni „Blockupy!“ og hefur lögregla hafið viðbúnað í Frankfurt vegna þess.

Mótmælendur eru sagðir setja sig upp á móti aðhaldssömum efnahagsaðgerðum sem bankinn þrýsti á um í Evrópulöndum. Boðuð mótmæli koma í kjölfar mótmæla á Kýpur sem haldin voru þegar framkvæmdastjórn seðlabankans kom þar saman til fundar.

- ÓKA

Byggðastofnun hagnast: Skilar 350 milljónum í hagnað

**STJÓRNSÝSLA** Byggðastofnun skiladi 350 milljóna króna hagnaði á síðasta ári. Þetta kemur fram í ársreikningi stofnunarinnar sem samþykktur og staðfestur var af stjórn Byggðastofnunar í gær.

Eiginfjárlutfall Byggðastofnunar í lok árs var tuttugu prósent en á samkvæmt lögum að vera að lágmarki átta prósent. Byggðastofnun stendur því nokkuð vel.

„Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni,“ segir á heimasíðu Byggðastofnunar.

- SA

# Heimilin fá lífeyrinn og skammta vistfólki peninga

Formaður Félags eldri borgara telur réttlætismál að lagt verði af „vasapeningakerfi“ á hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Heimilin fá lífeyrisgreiðslur viðkomandi heimilismanna sem er síðan úthlutað vasapeningum.


**VELFERÐARMÁL** „Með þessu kerfi er fólk svipt sjálfræði þegar það flyst inn á hjúkrunarheimili,“ segir Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, um núverandi greiðslukerfi á dvalar- og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða.

Þórunn segir kerfið fyrir löngu vera úrelt og það sé réttlætismál að tekið verði upp nýtt. Kerfið er stundum nefnt vasapeningakerfi en það hefur um árabil verið eitt helsta baráttumál aldraðra að fá því breytt.

Núverandi kerfi er þannig að þegar einstaklingur flytur inn á dvalar- eða hjúkrunarheimili þá greiðist lífeyrir viðkomandi frá Tryggingastofnun inn á heimilið en hámarks þátttaka í dvalarkostnaði er 354.902 krónur en ef tekjur eru undir 74.696 á mánuði eftir skatt þá tekur íbúi ekki þátt í dvalarkostnaði sínum. Vasapeningur er svo úthlutað til viðkomandi sem eru að hámarki 53.354 krónur á mánuði. Vasapeningar eru tekjutengdir og falla alveg niður ef tekjur ná 82.083 krónum á mánuði.

Innan velferðarráðuneytisins hefur frá árinu 2011 verið starfrækt nefnd um flutning málefna aldraðra til sveitarfélaga þar sem breyting á þessu kerfi er meðal þess sem er verið að skoða. Snýr það þá að því að endurskoða frá grunni fyrirkomulag greiðslna einstaklinga sem búa á hjúkrunarheimilum.

Í stað þess að allar lífeyrisgreiðslur fari í gegnum Tryggingastofnun, líkt og gert er nú, þá er gert ráð fyrir að einstaklingar fái greiðslurnar beint eins og aðrir lífeyrisþegar og greiði sjálfir fyrir



ÞÓRUNN SVEINBJÖRNSDÓTTIR

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

þjónustu á hjúkrunarheimilum í samræmi við kostnað.

Er það fyrirkomulag talið skapa forsendur fyrir auknu valfrelsi einstaklinga til að ákveða hvaða þjónustu þeir vilji á hjúkrunarheimilum. Einstaklingar á hjúkrunarheimilum myndu þá greiða húsaleigu og annan kostnað, sömuleiðis lyf og sérfræðilæknaþjónustu eftir almennum reglum.

Flytjist þjónustan til sveitarfélaganna þá myndu hins vegar laun starfsmanna vera greidd af sveitarfélögunum. Slíkt kerfi eru við lýði víðs vegar á Norðurlöndum, til dæmis í Danmörku og hefur nefndin kynnt sér það kerfi til samanburðar.

Eygló Harðardóttir, húsnæðis- og félagsmálaráðgjafi, telur rétt að huga að breytingu á kerfinu. „Hugað hefur verið að tillögum um nýtt greiðslukerfi sem myndi byggja á því að einstaklingar greiddu milli-liðalaust fyrir alla þá þjónustu sem þeir fá á hjúkrunarheimilum nema heilbrigðisþjónustu og aðra umönnun, þ.e. mat, þríf, þvott, tólmstundastarf og húsaleigu. Þættir sem gætu haft áhrif á húsnæðiskostnað væru meðal annars stærð og gæði húsnæðis og tekju- og eignastaða einstaklinga,“ segir hún.

„Þetta vasapeningakerfi er úrelt á Norðurlöndunum og löngu hætt



Á HJÚKRUNARHEIMILI Lengi hefur verið baraáttumál aldraðra að fá afnumið vasapeningakerfi á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þar. Öll sambönd eldri borgara hér á landi hafa beðið um að þessu verði breytt. Ég vil fá norræna kerfið þar sem þú færð bara peninginn í hendurnar og þá hefur viðkomandi oft meira valfrelsi um það hvernig peningunum er ráðstafað. Þetta verður

að vera svolítið einstaklingsmiðað.“ Eygló segir að vitanlega séu líka deildir, svo sem fyrir Alzheimer-sjúka, þar sem þetta sé erfiðara. „En þá eru það aðstandendur sem eiga að fá að sjá um þetta,“ segir hún.

viktoria@frettabladid.is

**KNAUS**

Verð frá 4.190.000 kr.

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg 112 Reykjavík Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 16°	Friedrichshafen 14°	New York 12°
Ápene 13°	Gautaborg 7°	Orlando 29°
Basel 8°	Kaupmannahöfn 7°	Ósló 4°
Berlín 12°	Las Palmas 20°	París 12°
Billund 8°	London 10°	San Francisco 18°
Frankfurt 12°	Mallorca 16°	Stokkhólmur 6°

Á MORGUN Hæg breytileg átt.


MÍÐVIKUDAGUR Vindaspá

GÓÐVIÐRI Á MORGUN Minnkandi vindur og úrkoma er líður á daginn og á morgun verður víðast hægætisveður sem varir þangað til síðdegis á miðvikudag.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnann Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



**STANZAÐU  
 SEM SNÖGGVAST**  
 ókeypis ástandsskoðun  
**Í MARZ**



**Betri helminginn af mars er ókeypis ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.**

Auk þess bjóðum við **20% afslátt\*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.\*\*

Stanzaðu sem snöggvast hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota 16.–31. mars og haltu óhikað áfram út í vorið.

**Engin vandamál - bara lausnir.**

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

\*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

\*\*Sé greitt með korti er hægt að dreifa greiðslum – vaxtalaus – í allt að 9 afborganir. Korthafi ber 3,5% lántökukostnað.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Pantaðu tíma í dag.  
 Það er einfalt og fjótlegt.



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða menntaskóli hélt hinsegin-viku í síðustu viku?
2. Í sendiráði hvaða ríkis dvelur Julian Assange?
3. Hver er fangelsismálastjóri?

SVÖR:  
3. Páll Winkler.  
1. Menntaskólinn í Reykjavík. 2. Ekvador.

Rúmur fjórðungur landsmanna telur að fjöldi ferðamanna í landinu sé orðinn of mikill:

# Karlar eru jákvæðari í garð fjölda ferðafólks

**KANNANIR** Rúmur fjórðungur karla og tæpur þriðjungur kvenna telur að erlendir ferðamenn hér á landi séu orðnir of margir, að því er fram kemur í nýrri könnun fréttastofu sem fram fór fyrir helgina.

Þegar horft er til niðurstaðna í heild telja 27 prósent að ferðamenn séu orðnir of margir, en 73 prósent að þeir séu það ekki, ef bara er tekið tillit til þeirra sem afstöðu tóku til spurningarinnar.

Nokkur munur er á afstöðu

fólks eftir stjórnmálaskoðunum. Þannig eru kjósendur Framsóknarflokksins neikvæðastir í garð ferðamannastraumsins, en 34 prósent þeirra sem afstöðu tóku telja ferðamenn orðna of marga. Hjá Pírötum er sama hlutfall 28 prósent og 27 prósent hjá Vinstri grænum, 25 prósent hjá Samfylkingarfólki, 22 prósent hjá Sjálfstæðisflokki og 19 prósent hjá kjósendum Bjartrar framtíðar.

Fólk sem ekki ætlar að kjósa eða ætlar að skila auðu er svo

næstum því jafn neikvætt í garð ferðamannastraumsins og Framsóknarfólk, en 32 prósent þeirra telja ferðamenn orðna of marga í landinu.

Þá virðist nokkur munur eftir aldurshópum í þá veru að yngri fólk er jákvæðara í garð fjölda ferðamanna. Fimmtungur fólks á aldrinum 18 til 49 ára telur ferðamenn of marga og 80 prósent að þeir séu það ekki. Í aldurshópnum fimmtugu og þar yfir eru sömu hlutföll 37 og 63 prósent.



**Í BANKA-STRÆTI** Íbúar í Reykjavík og á Suðvesturlandi eru jákvæðastir í garð ferðafólks.

→ **Eru ferðamenn of margir?**

Svarendur	Já	Nei
Karlar	26%	74%
Konur	29%	71%
Allir	27%	73%

Miðað við þá sem tóku afstöðu.

**LIEBHERR**  
Quality, Design and Innovation

**TILBOÐ**

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

**Kítti og þéttiefni**

**MÚRBÚÐARVERÐ**

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - [sala@murbudin.is](mailto:sala@murbudin.is) - [www.murbudin.is](http://www.murbudin.is)

**Örugg þjónusta í 27 ár**

kæling fyrir öll tölvurými og skrifstofur

**Rakataki**

- Hagkvæm í rekstri
- Mikil rekstraröryggi
- Viðheldur umbeðnu rakastigi
- Sjálfvirk áfylling

**RAFSTJÓRN ehf.**  
Virgni lofttrástlíkería er okkar lag.

Rafstjórn ehf - Stangarhyl IA - Sími: 587-8890  
[www.rafstjorn.is](http://www.rafstjorn.is)

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

**S A F T**

# Stjórn Netanjahús stendur harla tæpt

Núverandi stjórnarmeirihluti Benjamíns Netanjahús virðist vart eiga góða möguleika á því að halda völdum eftir kosningar á þriðjudag. Öðrum flokkum er þó ekki spáð neinni óskastöðu þannig að stjórnarmyndun gæti orðið harla flókin.

**ÍSRAEL** Margt bendir til þess að Moshe Kahlon, leiðtogi Kulanuflokksins, komist í lykilstöðu eftir þingskosningar í Ísrael á þriðjudaginn. Flokkur hans gæti ráðið úrslitum um það hvort Benjamín Netanjahú verði áfram forsætisráðherra.

Netanjahú hefur þegar gert sitt til að ávinna sér stuðning Kahlons með því að bjóða honum fjármálaráðherraembættið, fallist hann á að mynda ríkisstjórn með Likudbandalagi Netanjahús.

Naftali Bennett, leiðtogi Heimkynnis gyðinga, hefur þegar heitið Netanjahú stuðningi síns flokks við stjórnarmyndun.

Netanjahú stendur samt harla tæpt og virðist varla eiga möguleika á því að halda embættinu eftir kosningar. Ræða hans á Bandaríkjaþingi örfáum vikum fyrir kosningarnar, þar sem hann beindi spjótum sínum að Íran, virðist ekki hafa breytt neinu um það.

Öflugustu andstæðingar Netanjahús eru þau Isaac Herzog, leiðtogi Verkamannaflokksins, og Tzipi Livni, leiðtogi Hatnuah-flokksins. Kosningabandalag þeirra Herzogs og Livni nefna þau Sionistabandalagið, þrátt fyrir að hafa að því er virðist töluvert meiri áhuga á því að ná samningum við Palestínumenn heldur en Netanjahú. Þau hafa verið að styrkja stöðu sína í skoðanakönnunum undanfarið á kostnað Likudflokksins, en geta þó engan veginn gert sér vonir um nægilegt fylgi til þess að eiga auðvelt með að mynda stjórn.

Nokkrir miðjuflokkar verða þar með væntanlega komnir í lykilstöðu við stjórnarmyndunarviðræður, og þar virðist staða Kahlons ætla að verða sterkust.

Kahlon var sjálfur þingsmaður Likudflokksins og var ráðherra í ríkisstjórn Netanjahús fyrir nokkrum árum, en stofnaði nýjan flokk í nóvember síðastliðnum. Hann hefur höfðað til miðstéttarinnar og verkalýðsins og það virðist ætla að skila honum átta til tíu þingsætum á 120 manna þjóðþingi Ísraels.

Meirihlutasamstarf fráfarandi stjórnar strandaði í byrjun desember eftir harðar innri deilur, ekki síst um frumvarp að lögum sem áttu að skilgreina Ísrael sérstaklega sem ríki gyðinga. Leiðtogar tveggja stjórnarflokka, þau Tzipi Livni og Yair Lapid, gátu ekki fallist á þetta og yfirlög stjórnina. Í kjölfarið boðaði Netanjahú til kosninga, áður en kjörtímabilið var hálfnað.

Netanjahú gerði sér vonir um að styrkja stöðu sína í þessum kosningum, en virðist engan veginn ætla að verða við þeirri ósk.

Þótt Netanjahú sé afar umdeild-



**KOSNINGABARÁTTA** Mynd Netanjahús forsætisráðherra viku fyrir mynd Moshe Kahlons á flettskilti í Tel Aviv. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

→ **Þingsæti samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum**

**SÍONISTABANDLAGIÐ • 24-26**



**TSIPI LIVNI**  
Leiðtogi Hatnuah, frjálslynds flokks sem lagt hefur áherslu á samninga við Palestínumenn.



**ISAAC HERZOG**  
Leiðtogi Verkamannaflokksins, sósíaldemókrataflokks sem hefur stutt tveggja ríkja lausnina.

**LIKUD • 20-22**



**BENJAMÍN NETANJAHÚ**  
Forsætisráðherra Ísraels síðan 2009. Var einnig forsætisráðherra á árunum 1996-1999.

**KULANU • 8-10**



**MOSHE KAHLON**  
Stofnaði miðjuflokk sinn í nóvember síðastliðnum og hefur náð flugi í skoðanakönnunum.

**HEIMKYNNI GYÐINGA • 11-12**



**NAFTALI BENNETT**  
Leiðtogi Heimkynna gyðinga, hægriflokks sionista sem einkum hefur höfðað til rétttrúaðra gyðinga.

**YESH ATID • 11-13**



**YAIR LAPID**  
Stofnaði Yesh Atid fyrir þremur árum, vann stórsigur í kosningunum 2013 og hefur setið í stjórn með Likud.

**YISRAEL BEITEINU • 4-6**



**AVIGDOR LIBERMAN**  
Leiðtogi Yisrael Beiteinu, hægriflokks sionista sem einkum hefur höfðað til innflytjenda frá Rússlandi.

**SHAS • 7-9**



**ARIJE DERI**  
Leiðtogi Shas, flokks rétttrúaðra gyðinga sem oft hafa haft mikil ítök án þess að sitja í ríkisstjórn.

**ARABALISTAR • 12-13**

**UTJ • 6-7**

**MERETZ • 4-6**

**OTZMA OG YACHAD • 4-5**

ur vegna harðrar afstöðu sinnar gagnvart Palestínumönnum, þá eru það líklega frekar efnahagsmálin sem verða honum að falli

meðal ísraelskra kjósenda. Vaxandi efnahagsferfiðleikar undanfarið hafa dregið úr stuðningi kjósenda við hann. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)



# Nýr og ferskur Mercedes-Benz B-Class

## Fáanlegur fjórhjóladrifinn

Mercedes-Benz B-Class er kominn í nýrri útfærslu. Útlitið er ferskara og nú fæst þessi vinsæli bíll sjálfskiptur með 4MATIC fjórhjóladrifi sem gerir hann enn meira spennandi kost við íslenskar aðstæður. Nú fæst B-Class aftur sem metanbíll, en er að sjálfsögðu líka í boði sem bensín- og dísilbíll.

Komdu í Öskju og reynsluaktu nýjum B-Class.



Mercedes-Benz



## Könnun birt í Stokkhólmi: Vændisauglýsingar áberandi

**SVÍPIÓÐ** Kynlífsþjónustuauglýsingar eru meira áberandi en nokkru sinni. Fjöldi þeirra sem kaupa kynlífsþjónustu er svipaður og áður þrátt fyrir að nú séu slík kaup refsiverð. Þetta eru niðurstöður könnunar yfirvalda í Stokkhólmi sem Dagens Nyheter vitnar í.

Þar segir að vændi hafi flust frá götunni yfir á netið. Talið er að 200 til 250 konur selji sig á götunni eða helmingi færri en árið 1995. Ekki er unnt að segja hversu margir selji sig á netinu.

- ibs

Aðalvarðstjóri hlúir áfram að fuglalífi við Lækinn í Hafnarfirði en fær ekki að setja upp hárkamba:

## Yfirvöld leyfa rafeindafuglavörn til reynslu

**UMHVERFISMÁL** Ósk Guðmundar Fylkissonar aðalvarðstjóra um að hann hafi áfram umsjón með fuglalífi við Hamrakotslæk allt frá Elliða-vatnsvegi niður að Strandgötu var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðar í gær.

Auk þess að setja upp varnir á hölmum og gervigreiddur með öðrum aðgerðum til að verja hreiður og unga líkt og síðustu tvö ár vildi Guðmundur fá að setja upp „hárkamba“ ofan á 130 ljósastaura meðfram læknum. Þeir eru ætlaðir til að hindra vargfugla í að voma yfir ungum fuglanna sem verpa við lækinn.

„Hárkambana og límkitti til að festa þá niður

sé ég sjálfur um að útvega bænum að kostnaðarlausu og er tilbúinn að leggja fram vinnu við að koma þeim fyrir. Ég myndi aftur á móti þiggja að bærinn legði til vinnulyftu eða körfubíl til að framkvæma þetta,“ segir Guðmundur í bréfi til framkvæmdasviðs Hafnarfjarðarbæjar. Þess utan lagði Guðmundur til að komið yrði upp rafeindafuglavörn við Hörðuvelli og sagði það geta fækkað hárkömbunum um helming. Einnig stakk hann upp á matarstöndum fyrir smáflugla annars vegar og hrafnna hins vegar.

Umhverfisnefndin hafnaði matarstöndunum og hárkömbunum en samþykkti að rafeindavörnin yrði sett upp til reynslu.

- gar



**LÆKURINN** Hindra á að ungarnir við Lækinn í Hafnarfirði hverfi ofan í ræsi og vernda þá með ýmsum öðrum aðferðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

PIKANTIVA - SÍA - 151257

## Verður þú 76 ára á árinu?

✓ Glögg er gests augað

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

„Glögg er gests augað“ er átaksverkefni um öryggi eldri borgara sem slysavarnadeildir innan **Slysavarnafélagsins Landsbjargar** og **Öryggismiðstöðin** standa að.

Á næstu vikum fá einstaklingar fæddir 1939 bréf – og býðst þeim í framhaldi að fá heimsókn frá fulltrúum Slysavarnafélagsins Landsbjargar þar sem farið verður yfir öryggismál og slysavarnir á heimilinu.

Nánari upplýsingar á [www.landsbjorg.is](http://www.landsbjorg.is) og [www.oryggi.is](http://www.oryggi.is)

Í ár verður lögð áhersla á mikilvægi öryggishnappsins.

Kynntu þér kosti hans á [www.oryggi.is](http://www.oryggi.is)



**MÓTMÆLI** Sjá mátti fána Evrópusambandsins veifað á Austurvelli í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Ríkisstjórn mótmælt

Guðrún Pétursdóttir sagði stjórnina hafa margoft svikið loforð sín til þjóðarinnar. Illugi Jökulsson sagði lýðræðisflensuna geta endað með ósköpum.

**MÓTMÆLI** Sjö til átta þúsund manns komu saman á Austurvelli í gær til að mótmæla aðgerðum ríkisstjórnar í Evrópusambandsmálum. Á fundinum tóku fjórir ræðumenn til máls, þau Illugi Jökulsson rit höfundur, Jóna Sólveig Elínardóttir alþjóðastjórnarmálafræðingur, Jórunn Frímansdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi, og Guðrún Pétursdóttir lífeðlisfræðingur.

KK söng fyrir fundarmenn í upphafi fundar og Hemúllinn söng einnig kröftuglega við góðar undirtektir fundarmanna.

Ræðumenn gerðu allir lýðræðið og ráðherraráðið að umræðuefni. Jóna Sólveig sagði í ræðu sinni að málið snerist ekki um aðild að sambandinu. „Meðferð ríkisstjórnarinnar á aðildarumsóknarmálinu, eins og hún birtist okkur síðastliðna daga, snýst ekki um aðild að Evrópusambandinu. Hún snýst um virðingu – virðingu fyrir lýðræði og þingræði á Íslandi. Ríkisstjórnin hefur vanvirt þing og þjóð,“ sagði hún og hvatti þingmenn til að verja þingræðið í landinu.

Jórunn Frímansdóttir sagðist oft fá þær háðsglósur frá sumum flokkssystkina sinna hvort hún

vildi bara ekki ganga í Samfylkinguna. Hún svaraði því alltaf neitandi en vel gæti verið að hún tæki þátt í stofnun á nýjum flokki.

Guðrún Pétursdóttir, sem einnig á rætur í Sjálfstæðisflokknum og bauð sig fram til forseta árið 1996, sagði meðal annars í sinni ræðu að það mikilvægasta sem fólk ætti væri að hægt væri að trúa orðum þess. En stjórnarherrarnir hefðu margoft svikið sín loforð til þjóðarinnar.

Illugi sagði að ekki mætti leyfa ríkisstjórninni að komast upp með að taka völd af þinginu. „Hvaða skoðun sem við höfum á framtíðarskrefum þjóðarinnar, þá getum við ekki látið svona vinnubrögð líðast, því þá dimmir við dyrin, og lýðræðið í landinu er komið með flensu, og lýðræðisflensa, hún getur endað með ósköpum, það er hin sára reynsla annarra þjóða, svo gætum okkar, hreinsum til, látum ekki vada yfir okkur og læsa okkur inni, opnum allar dyr upp á gátt, því ríkisstjórn sem virðir ekki fulltrúasamkundu þjóðarinnar, Alþingi, hrifsar þar með til sín völd sem henni eru ekki ætluð,“ sagði hann.

- hmp, gb



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

## Ársfundur 2015

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn í dag kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

### DAGSKRÁ FUNDARINS

- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 22. janúar 2015

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

### Alþingi segi af eða á

„Ég vil bara að Alþingi sé virt. Ef þetta á að gerast vil ég að þingið ákveði það og rétt eins og það ákvað að hefja þetta, ákveður það að ljúka því,“ sagði Sigurður Guðjónsson, inntur eftir ástæðu fyrir veru hans við mótmælin á Austurvelli í gær.



### Ósatt við Gunnar Braga

„Ég er hér í dag vegna þess að ég er evrópusinni en það er algjört smámál miðað við hvernig Gunnari Braga og í raun stjórninni allri hefur tekist að kúka yfir lýðræðið og þingræðið með þessari aðför sinni,“ sagði Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir á Austurvelli í gær.





**25 ÁRA**  
**STARFSAFMÆLI**  
**FISKIKÓNGSINS**



**ALLUR FISKUR**  
**ÚR FISKBORÐI**

**LAXAFLÖK • BLEIKJUFKÖK**  
**RAUDSPRETTUFLÖK**  
**ÞORSKHNAKKAR • GELLUR**  
**ALLIR FISKRETTIR • ÝSUFLÖK**  
**SALTFISKUR • LÖNGUHNNAKKAR**  
**OG FLEIRRA OG FLEIRRA.**

**1.790** **kr.kg**

**FISKIBOLLUR**  
**2 FYRIR 1**

**TILBOÐIÐ**  
**GILDIR**  
**ALLA**  
**VIKUNA**







**MÓTMÆLI Í GÆR** Kristnir Pakistanar kveikja elda í Lahore eftir árásir á tvær kirkjur þá um morguninn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Kristnir mótmæla í Pakistan:

## Tveir grunaðir barðir í hel

**PAKISTAN** Í það minnsta fjórtán létu lífið í tveimur sjálfsmorðs-sprengjuárásum á kirkjur kristinna manna í Lahore í Pakistan í gærmorgun, að því er yfirvöld á staðnum segja.

Fram kemur í umfjöllun breska ríkisútvarpsins, BBC, að yfir 70 manns hafi slasast í árásunum.

Í kjölfarið fylgdu ofbeldisfull mótmæli þegar reiðialda gekk yfir samfélag kristinna á svæðinu. Meðal annars börðu hópar mótmælenda tvo menn í hel, sem sakadír voru um aðild að ódæðunum þá um morguninn. - óká

Bílabúð Benna innkallar bíla:

## Innkallar 705 Chevrolet Spark

**NEYTENDUR** Bílabúð Benna hefur innkallað 705 bifreiðar af gerðinni Chevrolet Spark. Árgerðir bifreiðanna eru frá 2010 til 2015. Neytendastofu hefur borist tilkynning varðandi innkallanirnar.

Ástæðan er bilun í húddlæsingu vegna tæringar. Bílabúð Benna mun skipta um læsingu eigendum bílanna að kostnaðarlausu. - sa

# Meirihluti andvígur bjór og léttvíni í matvöruverslun

Konur eru andvígari því að leyfa bjór og léttvín í matvöruverslunum en karlar. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins eru hlynntastir málinu en kjósendur Vinstri grænna andvígastir. Umræða að fara af stað segir þingmaður.

**STJÓRNMÁL** Meirihluti landsmanna er á móti sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Alls voru 55 prósent þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar á móti því að leyfa bjór og léttvín í matvöruverslunum og 45 prósent voru því hlynnt.

Karlar eru líklegri en konur til að vilja leyfa bjór og léttvín í matvöruverslunum en jafnt hlutfall karla er því hlynnt og andvíg. Konur eru meira efins þegar kemur að því að leyfa bjór og léttvín en 39 prósent þeirra eru því hlynntar en 61 prósent andvíg.

Yngri kynslóðin er hlynntari málinu. 56 prósent einstaklinga á aldersbilinu 18 til 49 ára eru því hlynnt en 44 prósent andvíg.

Alls eru 32 prósent þeirra sem eru 50 ára og eldri málinu hlynnt en 68 prósent því andvíg.

Einnig er munur á milli landshluta en meirihluti svarenda í öllum kjördæmum eru andvígir því að leyfa bjór og léttvín í verslunum að Norðvesturkjördæmi undanskildu.

Töluverður munur er á afstöðu kjósenda stjórnarflokkanna en kjósendur Sjálfstæðisflokksins eru hlynntastir því að leyfa bjór og léttvín í matvöruverslunum.

Þá er 61 prósent kjósenda Sjálfstæðisflokksins hlynnt málinu en 39 prósent andvíg. Stuðningsmenn Framsóknarflokksins eru heldur mótfallnari, en 30 prósent þeirra eru fylgjandi og 70 prósent andvíg.

Ekki er heldur samstaða um málið meðal kjósenda stjórnarandstöðuflokkanna.

Kjósendur Vinstri grænna eru andvígastir því að leyfa bjór og léttvín í matvöruverslunum en 25 prósent þeirra eru því hlynnt og 75 prósent andvíg.


Alls eru 30 prósent kjósenda Samfylkingarinnar hlynnt málinu og 70 prósent andvíg. Meðal kjósenda Bjartrar framtíðar er hnífjafn stuðningur og andstaða við málið og á meðal kjósenda Pírata eru 54 prósent hlynnt og 46 prósent andvíg.

Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og aðalflutningsmaður frumvarps um að gefa áfengisverslun frjálsa, segir að niðurstöðurnar komi sér ekki á óvart.

„Þetta er auðvitað grundvallarbreyting sem mun alltaf verða umdeild. Umræðurnar á þinginu eru ekki fullkláraðar og ekki hafa allar staðreyndir málsins komið fram,“ segir Vilhjálmur.

„Þetta er í raun jákvæðari niðurstaða en áður og það er eðlilegt

## → Finnst þér að heimila eigi sölu á bjór og léttvíni í matvöruverslunum?



Eingöngu tekið mið af svörum þeirra sem afstöðu tóku í könnun Fréttablaðsins fyrir helgi. Af 800 svörum voru 66 óákveðin og fimm gáfu ekki upp afstöðu.

að hún þróist í þá átt,“ segir hann.

Vilhjálmur er að berjast fyrir því að áfengisfrumvarpið fái brautargengi á næstunni en hann mun reyna að koma því að um leið og pláss opnast í dagskrá þingsins. Þá er hann að þrýsta á að fá hagfræðilega úttekt á frumvarpinu til að varpa ljósi á efnahagslegar afleiðingar þess.

„Ef að við fáum hagfræðilega úttekt í hús er hægt að meta ávinnninginn af frumvarpinu. Munu til dæmis losna fimm milljarðar sem við munum geta nýtt í aðra hluti eins og að greiða niður opinberar skuldir eða til að setja í lýðheilsu-mál?“ spyr Vilhjálmur.

Könnunin var gerð dagana 10.



**VILHJÁLmur ÁRNASON** Áfengisfrumvarpið á enn eftir að komast á dagskrá þingsins FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

og 11. mars. Hringt var í 1.024 manns, þar til 800 svör fengust. Svarhlutfallið er því 78,1 prósent. stefanrafm@frettabladid.is

Audi Vorsprung durch Technik

## Besti bíllinn.

Audi A3 var valinn besti bíll ársins 2014\* af blaðamönnum frá 22 löndum.



Verð frá kr. 4.890.000,-

Eyðsla: 4,7l í blönduðum akstri, 109 CO<sub>2</sub>. Vél: 1,4 TFSI COD, 150 hö.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is



WORLD CAR OF THE YEAR  
2014 WORLD CAR AWARDS

\*World Car Awards 2014, New York: www.wcoty.com





Í FLUGSTÖÐINI Ríkið kaupir fjölmarga flugfarmaða á ári hverju handa starfsmönnum sínum, sem þurfa að erindast til útlanda í margvíslegum tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Beðið meðan ESA grúskaði

Á meðan ESA fjallaði um kvörtun frá Iceland Express þótti fjármálaráðuneytinu ekki rétt að hefja nýtt útboð á flugfarmaðum. Ekkert er lengur til fyrirstöðu.

**SAMKEPPNISMÁL** Fjármálaráðuneytið taldi ekki rétt að hefja útboð á flugfarmaðum á meðan Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, var enn að fjalla um málið. ESA tók farmaðaútboð ríkisins til umfjöllunar vegna kvörtunar sem barst frá flugfélaginu Iceland Express.

Að sögn Elvu Björk Sværisdóttur, fjölmiðlafulltrúa fjármálaráðuneytisins, stóð aldrei annað til en að útboð á farmaðum vegna ferða ríkisstarfsmanna til og frá landinu færi fram að nýju. Þó sé ljóst að það verði gert með öðrum hætti en áður.

„Hvað fyrirhugað útboð snertir hefur verið til skoðunar hvaða form væri heppilegast til að tryggja sem best kjör og þar með hag ríkissjóðs,“ segir Elva Björk. „Niðurstaðan er að skoða annað útboðsform en rammasamning. Það skýrir að í auglýsingu á rammasamningsútboði Ríkiskaupa sem var birt 28. febrúar voru farmaðakaup ekki á lista.“

Hún segir jafnframt að Ríkiskaup vinni um þessar mundir að undirbúningi almenns útboðs á tilteknum flugleiðum.

Í Fréttablaðinu á laugardaginn var haft eftir Ólafi Stephensen, framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda, að ríkið hefði dregið lappirnar í þessu máli í rúm tvö ár. Félagið hafi áður gagnrýnt að þrátt fyrir lagaskyldu hafi ríkið ekki boðið út flugfarmaða.

Í tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu í síðustu

Stofnunin lauk umfjöllun sinni um málið um mitt ár 2014, með þeirri niðurstöðu að engin ríkisaðstoð fælist í kaupum á ferðum á vegum ríkisins hjá Icelandair.

Elva Björk Sværisdóttir, fjölmiðlafulltrúi fjármálaráðuneytisins.

viku kom fram að útboð á farmaðum fór síðast fram árið 2011.

„Stofnunin lauk umfjöllun sinni um málið um mitt ár 2014, með þeirri niðurstöðu að engin ríkisaðstoð fælist í kaupum á ferðum á vegum ríkisins hjá Icelandair,“ segir Elva Björk. „Þar sem kvörtun Iceland Express til ESA laut meðal annars að útboðsferlinu þótti ekki rétt að hefja útboðsferli að nýju meðan málið var til meðferðar þar.“

Hvorki Icelandair né WOW air vilja tjá sig mikið um þessi útboðsmál að svo stöddu.

„Við höfum ekkert komið að þessu á neinn hátt,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. „Við biðum bara eftir því að sjá skilmála útboðsins og skoðum þá málið.“

WOW air fagnar því hins vegar að nýtt útboð sé væntanlegt; „Við fögnum þessari niðurstöðu og treystum því að allir fái að sitja við sama borð,“ segir Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air.

gudsteinn@frettabladid.is

Genuine Parts®



**20%  
AFSLÁTTUR  
BREMSUÖRUR OG  
BREMSUVINNA VIÐ  
HEKLUBÍLA**

## BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá **HEKLU** við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá **HEKLU** er óþarfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skulum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!



Des Auto.



SKODA



Audi



MITSUBISHI  
MOTORS

Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is



HEKLA

## Tækifæri í mars



### Carpatica - Hangandi ljós

Mál (h x b x d): 34 x 41 x 41 sm.

Tækifærisverð:

**10.900 kr.**

(Fullt verð: 14.900 kr.)



### Eva - Borðlampar

Fáanlegir í þremur litum.

Tækifærisverð:

**5.900 kr.**

(Fullt verð: 7.500 kr.)



### Sao Paolo - Hangandi ljós

Mál (h x b x d): 20 x 20 x 20 sm.

Tækifærisverð:

**13.900 kr.**

(Fullt verð: 16.900 kr.)



### Kulan - Hangandi ljós

Mál (h x b x d): 25 x 28 x 28 sm.

Tækifærisverð:

**6.500 kr.**

(Fullt verð: 8.900 kr.)



SIEMENS

SMITH & NORLAND

Nóatuni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is



## TILBOÐ

Við bjóðum takmarkað magn af Miele þvottavélum og þurrkurum á sérstöku tilboðsverði. Gildir á meðan byrgðir endast.

- ✓ Íslenskt stjórnborð
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar

Þvottavél:  
verð frá kr. 139.900  
Þurrkari:  
verð frá kr. 114.900





Stendur til að ríkisvæða skuldir einkafyrirtækja?

## Íslenska kreppan ein af tíu dýrustu

**H**agfræðingurinn Lilja Mósesdóttir skrifaði fína grein í Fréttablaðið á laugardaginn þar sem hún vakti athygli á baráttu okkar við kröfuhafa föllnu banka. Lilja bendir þar á ýmsar hættur sem kunna að verða á vegi þjóðarinnar á næstunni.

Lilja fór fyluferð í stjórn málin á árinu 2009 eftir að hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir greiningar á efnahagsástandinu hér og í öðrum löndum. Eftir að hún var kjörin á þing fyrir Vinstri græn, varð snemma ljóst að ekki var stemning fyrir að nýta reynslu hennar og þekkingu. Lilja varð fyrst til að tala um útgönguskatt og var hann í framhaldi nefndur Liljuskattur. Þegar hún skrifar á ný og vekur aftur athygli á því sama er við hæfi að leggja við hlustir.

**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is



Lilja vekur athygli á að Alþjóðdagjaldeyrissjóðurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að fjármálakreppan hér sé meðal tíu dýrustu í heimi, hvað varðar beinan útlagðan kostnað skattgreiðenda og skuldsetningu ríkissjóðs. „Frá 2008 til 2011 nam beinn útlagður kostnaður

skattgreiðenda 44% af vergri landsframleiðslu og skuldir ríkissjóðs jukust um 72%, þrátt fyrir að Ísland hafi ekki haft burði til að veita bönkum í fallhættu ríkisaðstoð eins og gert var m.a. á Írlandi,“ skrifar Lilja.

Lilja hefur áhyggjur af að illa kunni að fara: „Með því að hvetja kröfuhafa gömlu bankanna til að festa eignir sínar í 30 ára ríkisskuldabréfum er í raun verið að leggja til að skuldum einkafyrirtækja verði breytt í ríkisskuldur. Stjórnvöld munu sennilega „réttlæta“ þennan gjörning með því að verið sé að endurfjármagna ríkisskuldur á afar lágum vöxtum (lægri en verðbólga).“

Þetta segir hagfræðingurinn að sé ekki nóg til að koma í veg fyrir hrun krónunnar. „Gengishrun krónunnar af völdum peningahengjunnar mun leiða til gífurlegrar hækunar á verði innfluttra vara og verðtryggðra lána.“ Spár Lilju eru engi betri en veðurspár Veðurstofunnar hafa verið í vetur. Okkur ber að hlusta þegar illviðri er spáð. Annað er fyrirhyggjuleysi.

„Útgönguskatturinn þarf að vera mun hærrí en 45% til að lausn peningahengjunnar verði í samræmi við reglur ESB frá 2013 um að eigendur banka og kröfuhafar eigi að taka á sig kostnaðinn vegna gjaldþrots þeirra. Eigendur gömlu bankanna töpuðu andvirði hlutabréfa sinna við fall þeirra og margir kröfuhafar tóku á sig 70-96% lækkun á nafnvirði krafna sinna þegar þeir seldu kröfurnar hrægammastjóðum og áhættufjárfestum. Nú hótta þessir sömu hrægammastjóðir og áhættufjárfestar ríkinu lögsókn fái þeir ekki kröfur sínar nánast að fullu endurgreiddar. AGS, „vinstri stjórnin“ og hægristjórnin sem nú situr hafa fram til þessa ekki haft hugrekki til að leysa peningahengjuvandann í samræmi við regluverk ESB frá 2013. Á meðan stækkar hengjan og ef hún fer af stað verður Ísland sýningardæmi um hvernig hrægömmum og öðrum kröfuhöfum tókst að koma stórum hluta af byrðum sínum yfir á launafólk, skattgreiðendur og skuldsett fyrirtæki og heimili. Hrynji peningahengjan yfir okkur kemst Ísland aftur í heimspressuna – ekki vegna eldross heldur mót-mæla og uppþota almennings,“ skrifar Lilja Mósesdóttir.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## VINNUSKÓR

Hágæða vinnuskór fyrir fagfólk á heilbrigðisstofnunum og í matvælaíðnaði á tilboði í mars



20%  
AFSLÁTTUR  
Í MARS



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opíð mán - fös 8.30 - 17.00  
Fastus ehf. • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Leituðu til Davíðs

Á fjölmennum útifundi á Austurvelli í gær, upplýsti einn ræðumanna, Jórunn Frímansdóttir, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, að hún hafi farið á ritstjórnarskrifstofu Morgunblaðsins í Hádegismóum, þar sem þess var freistað að fá Davíð Oddsson ritstjóra til að sættast á málamíðlun til þess að evrópusinnadir flokksmenn gætu áfram verið í flokknum. Hún sagði Davíð hafa hafnað mála-leitaninni og ekki brugðist vel við og reyndar kallað á eftir Jórunni þegar hún yfirgaf ritstjórnarskrifstofuna, að hún ætti að fara í Samfylkinguna. Vel að merkja var Davíð þá löngu hættur sem formaður Sjálfstæðisflokksins, en samt var leitað til hans, ekki til formannsins.



#### Hvað með Bjarna?

Söguskýring, eða upprifjun Jórunnar Frímansdóttur, sem hún sagði frá á útifundinum, vakti eðlilega athygli. Leitað var til Davíðs Oddssonar um málamíðlun fyrir evrópusinna. Hins vegar var hvergi minnst á Bjarna Benediktsson, sem vissulega er formaður Sjálfstæðisflokksins, og því ættu sættir innan flokksins frekar að vera á hans borði en á borði ritstjóra Morgunblaðsins, sem vissulega er fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins.


Oft er því haldið fram að tók Davíðs á flokknum séu enn mikil og fátt sé gert gegn hans vilja og flest sem gert er, sé með hans vilja. Ef svo er, er það þá á fárra vitorði.



#### Birgir fékk ekkert að vita

Birgir Ármannsson, formaður utanríkisnefndar Alþingis, upplýsti í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær, að hann hafi ekki fengið að vita að til stæði að skrifa Evrópusambandinu bréfið góða. Birgir var ekki sagt frá bréfinu fyrr en á þingflokksfundi, þeim sama og aðrir þingmenn fengu að vita af bréfaskriftunum. Birgir sagðist sáttur við það, en hann tilkynnti utanríkisráðherra að hann ætti að mæta á fund nefndarinnar í fyrramálið. Þar gefst öðrum þingmönnum tækifæri til að spyrja ráðherra um tilurð bréfsins og þýðingu þess, sem virðist flestum óljós. Eflaust má búast við fjögurum fundi í utanríkisnefnd Alþingis í fyrramálið. sme@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Óbærilegur grátbrosleiki tilverunnar

### EVROPUMÁL



Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður og rithöfundur

Auðvelt er að verða að athlægi meðal þjóða næst okkur. Leiðin er sú að láta sem það eðlilega sé óeðlilegt – jafnvel ómögulegt.

- Það þótti eðlilegt að hefja umsóknarferlið að Evrópusambandinu án þess að hafa um það þjóðaratkvæðagreiðslu líkt og gert var hjá yfir 20 þjóðum. Bindandi vilji Alþingis stóð til þessa, eins og hjá öðrum þjóðþingum. Öryggisventill lýðræðis er bindandi þjóðaratkvæðagreiðsla um fenginn aðildarsamning.

- Það þótti eðlilegt að ekki tækist að ljúka samningum um alla kafla aðildarsamningsins á tæplega einu kjörtímabili – en ferlið ekki hnökralaust.

- Það þótti eðlilegt, en ekki tiltakanlega vinnusparandi, að fresta viðræðum skömmu fyrir íslenskar þingkosningar til þess að hafa frið um tvö meginmálefni hvað Evrópusambandsaðild varðaði, því nóg var (og er) um önnur deilufni í sjávarútvegi og landbúnaði.

- Það þótti eðlilegt að andstæðingar aðildar lofuðu atkvæðagreiðslu um hvort hefja ætti aðildarviðræður að nýju eftir þingkosningar – eða ekki.

- Það þótti eðlilegt að að ný ríkisstjórn, eins þótt hún væri ekki hlynnt sjálfri aðildinni að ESB, léti samninganefnd landsins vinna áfram með her sérfræðinga, gæfi þjóðarat-

kvæði þann vilja til kynna. Slíkt þótti eðlilegt vegna þess að kröfur Íslendinga í meginmálaflokkum voru og eru ljósar – og lýðræðið leyfir slíkt.

- Það þótti eðlilegt verklag vegna þess að kæmi fram aðildarsamningur væri eftt til lýðræðislegra umræðna og þjóðaratkvæðagreiðslu. Íslensk ríkisstjórn væri ekki að hætta yfirlýstri stefnu um of því þjóðin myndi tala.

- Það þótti eðlilegt að jafnvel ESB-andstæðingar, jafnt sem efasemdarmenn og ESB-fylgjendur, vildu halda aðildarviðræðum áfram vegna mikilvægisins og óvissu í höfuðmálum heima og heiman.

- Það þótti eðlilegt að samkvæmt könnunum væri verulegur meirihluti fyrir áframhaldandi viðræðum við ESB enda þótt skoðanakannanir bentu til naums meirihluta gegn fullri ESB-aðild.

Ómöguleikinn í pólitískri fléttu ríkisstjórnarinnar er skyndilega aftur ljós. Hann felst nú í því að taka ranga ákvörðun, sneiða framhjá Alþingi jafnt sem óskum meirihluta landsmanna og líta fram hjá öllu eðlilegu í málefnum ESB-aðildar. Þar með er margfrægur ómöguleiki orðinn að grátbroslegu tilefni til athlægis.



# Þingræðið á að vera þungt í vöfum

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Fyrst sviku þeir loforð sín um að stíga engin skref í Evrópumálum nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú sniðgangi þeir sjálf þjóðþingið í meðferð mikilvægasta utanríkismáls lýðveldissögunnar; senda án samráðs við utanríkismálanefnd loðmullulegt bréf sem enginn skilur, órætt og klúðurslegt uppsagnarbréf. Meira að segja málsmetandi þingmenn stjórnarmeirihlutans túlka bréfið sem svo að hér sé ekkert nýtt, bara árétting á því að ekkert sé að gerast. Aðrir túlka það öðruvísi. Maður ímyndar sér hálfvolgan vonbiðil til margra ára sem hringir.

Hann: Sæl. Með þessu símtali dreg ég bónorð mitt til baka en getum við ekki verið trúlofuð áfram? Og má ég ekki áfram búa hjá þér, nota dótið þitt, selja þér varning og fá far með þér í bæinn?

Hún: Ertu að segja mér upp?  
Hann: Finnst þér það ekki?  
Ég heyri á þér að þú hefur enga trú á þessu. Já sko ef þér finnst það þá erum við náttúrlega hætt saman og ætlum ekkert að gift-

ast – en trúlofuð sko. Ég verð að vera sjálfstæður og fullvalda. Og trúlofaður.

## Losarabragur á stjórnskipan

Þeir sviku loforðin um þjóðaratkvæðagreiðslu; töluðu um „ómöguleika“ þess að standa við orð sín. Þeir settu loforð sín í eignarhaldsfélag og létu fara á hausinn; nei það var ekki ég sem lofaði þessu, það var Ef-ég-nenni ehf. Samt er eini „ómöguleikinn“ í málinu sá að uppfylla ekki loforð sín. Það á að vera óhugsandi.

Við höfum kosið yfir okkur menn sem telja sig óbundna af loforðum sínum. Landinu ráða nú menn sem telja að alþingi eigi þá aðeins að taka ákvarðanir um lög og reglur, að búið sé að taka þær ákvarðanir áður í valdamíðstöðvum þeirra – og náttúrlega Brussel, þar sem ótal lög sem okkur varða eru samin án þess að nokkur Íslendingur komi þar nærri með þeim afleiðingum til dæmis að lög um hvíldartíma langferðabílstjóra midast við evrópskar hraðbrautir en ekki þjóðveginn okkar. Og útkoman eftir því. Málamyndabingræði. Hálfími hálfvitanna.

Nú súpum við enn seyðið af því hversu mikill losarabragur er á íslenskri stjórnskipun. Ráðamenn virðast stundum spinna hana áfram frá degi til dags, með aðstoð lagakrökarefa.

Sú staðhæfing Gunnars Braga Sveinssonar að núverandi ríkisstjórn sé óbundin af þingsálykt-

un fyrra þings, vegna þess að þá hafi annar meirihluti ríkt, er kannski sérkennilegasta innleggjið í þessa umræðu og lýsir dálítið ískyggilegri sýn ráðherra á því hvernig lýðræðisríki starfar og hlutverki þingsins í því. Telur maðurinn að þingsályktanir fyrri tíma hafi ekkert gildi af því að þá var annað fólk að störfum en nú er? Og falli úr gildi með nýjum meirihluta?

## Á undanþágu frá lýðræðinu

Vera má að bréfið hans styðjist við gloppur í lagabókstaf – skort á skýrum reglum – en svo sannarlega stríðir það gegn öllum hugmyndum okkar um það hvernig lýðræðið virkar. Raunar stendur það skýrum stöfum í þingsköpum að utanríkisráðherra skuli hafa samráð við utanríkismálanefnd um allar meiri háttar ákvarðanir í þeim málaflokki. Ráðherrann hefur sagt það vera „matsatriði“, hvort fara skuli eftir þingsköpum. Hann telur það „matsatriði“ sitt hvort hann skuli fara að lögum í starfi sínu. Hann telur vilja alþingis vera „matsatriði“ sitt. Forsætisráðherra bætir gráu ofan á svart með því að segja fyrri þingsályktun um aðildarumsókn vera marklausa því að hún hafi verið „þvinguð“. Með öðrum orðum: lýðræðið er komið undir umtalsverðum túlkunartogkrafti hans; það er matsatriði, en ekki regla.

Gunnar Bragi hefur sagt

Nú súpum við enn seyðið af því hversu mikill losarabragur er á íslenskri stjórnskipun. Ráðamenn virðast stundum spinna hana áfram frá degi til dags, með aðstoð lagakrökarefa.

Það of þungt í vöfum að leyfa þinginu að starfa samkvæmt lögum. Hann kallar það hins vegar „valdarán“ þegar stjórnarandstaðan bendir með bréfi til Brussel á að sjálft þingið getið eitt dregið til baka umsókn. Markvið og ofsafengin notkun á öfugmælum er einmitt einkenni valdamanna sem vilja starfa á undanþágu frá lýðræðinu.

Málið er ekkert flókið. Ráðherrar framfylgja stefnu alþingis hverju sinni og í samráði við það. Í þessu tilviki hefur alþingið ekki ályktað annað en að Ísland skuli sækja um aðild að Evrópusambandinu, og þar til það dregur þá ályktun til baka og samþykkir nýja stendur hún óhöggð og ekki undir ráðherrum komið að breyta því. Eini aðilinn sem getur lýst yfir vilja þingsins er þingið sjálft. Þingræðið á að vera þungt í vöfum, sérstaklega þegar stjórnvöld framfylgja stefnu sem byggir á því að svíkja kosningaloforð sem mikill meirihluti landsmanna vill að séu uppfyllt.

## AF NETINU

### Þjóðin taki af skarið



Ég er ein að þeim sem nenni ekki að hafa ESB eða ekki ESB hangandi yfir mér. Ég nenni því ekki núna og hef

ekki nennt því síðustu 20 árin og nenni því ekki næstu 20 árin. Mín skoðun er sú að það átti aldrei að fara í aðildarviðræðurnar nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var ekki gert og þar með byrjaði klúðrið. Engar aðildarviðræður hafa verið í gangi lengi og þessi ríkisstjórn vill ekki halda þeim áfram. Margir hafa hins vegar steingleymt því sem þeir sögðu í kosningabaráttunni að það ætti að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla eða hafa bara skipt um skoðun. Mín skoðun er sú að þjóðin á að ákveða þetta.

<http://blog.pressan.is/guðfinnajokhanna>

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir

### Lýðræði með flensu



Ég á strák sem er alveg að verða 16 ára og hann verður kominn með kosningarétt um þær mundir sem víðræðum við

Evrópusambandið gæti lokið, og þá vil ég að hann fái að ráða sjálfur hvaða leið hann vill fara í lífinu, hvaða leið hann sér besta fyrir sitt land, fyrir sjálfan sig, vini sína og fjölskyldu og framtíðina. Ég vil að unga fólkíð fái að ráða því sjálft.

Ég vil ekki að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verði þá búinn að skella öllum dyrum út heim í lás.

<http://blog.pressan.is/illugi>

Illugi Jökullsson

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á [greinar@visir.is](mailto:greinar@visir.is) og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# DACIA DUSTER



[www.dacia.is](http://www.dacia.is)

FJÓRHJÓLADRIFINN, DÍSIL  
HLAÐINN STAÐALBÚNAÐI, VERÐ KR.

**3.990** PÚS.

EYÐSLA Í BLÖNDUÐUM  
AKSTRI 5,3 L/100 KM\*

Dacia  
eco<sup>2</sup>



**KOMIÐ OG REYNSLUAKIÐ**

\*Miðað við uppgæfna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

ÁREIÐANLEGUR - HAGSTÆTT VERÐ  
ÖFLUGUR Í TORFÆRUM  
SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI  
GÓÐUR Í ENDURSÖLU

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
420 0400

Bilasalan Bilás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)







MAGELLAN LANDKÖNNUÐUR

## Magellan kemur til Filippseyja

Þennan dag árið 1521 kom portúgalski landkönnuðurinn Ferdinand Magellan til Filippseyja. Magellan fæddist í Sabrosa árið 1480.

Ungur að aldri fékk hann áhuga á landa- og stjörnufræði. Þegar Magellan var tvítugur fór hann fyrst á sjó. Árið 1510 fékk hann stöðuhækkun sem skipstjóri en hann stalst til þess að sigla til austurs án leyfis og var í refsingarskyni lækkaður í tign og neyddur til þess að fara aftur til Portúgals.

Hann réði sig í þjónustu Spánarkonungs og þann 10.

ágúst 1519 fóru fimm skip undir stjórn Magellans frá Sevilla og sigldu eftir Guadalquivir til San Lucar de Barrameda. Frá Grænhöfðaeyjum hélt hann yfir til Brasilú og 28. nóvember sama ár sigldu þrjú skipa hans um Magellansundið og yfir til Kyrrahafsins. Hinn 16. mars náðu skipin Homonhom á Filippseyjum. Hann varð því fyrsti Evrópubúinn til að sigla vesturleiðina til Asíu, fyrstur Evrópubúa til að sigla yfir Kyrrahafið og fyrstur til að stjórna leiðangri umhverfis hnöttinn.

ÞETTA GERÐIST PANN 16. MARS ÁRIÐ 2014:

## Þjóðaratkvæðagreiðsla á Krímskaga fer fram

Fyrir ári gengu íbúar Krímskaga að kjörborðinu og kusu um það hvort skaginn ætti að tilheyra Úkraínu eða Rússlandi. Niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslunnar varð sú að yfir níutíu prósent atkvæðabærra manna kaus með því að verða þatur af Rússlandi.

Kosningin var ákveðin með aðeins tíu daga fyrirvara og töldu flestar Evrópuþjóðir hana vera ólöglega. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fundaði vegna atburðarins og samþykktu þrettán lönd sem eiga sæti í ráðinu að telja hana ógilda. Rússar beittu hins vegar neitunarvaldi sínu.

Tveimur dögum eftir kosninguna undirritaði Vladimir Pútín, forseti Rúss-

lands, lög þess efnis að Krímskaginn teldist formlega hluti af Rússlandi. Alþjóðasamfélagið hefur hins vegar neitað að viðurkenna gildi þeirra.

Krímskaginn liggur hvergi að Rússlandi og hefur Pútín forseti falið fyrirtæki í eigu góðvinnar sínar að byggja brú yfir á skagann.

Áður en kosningin fór fram höfðu geislað bardagar í landinu og enn var barist eftir kosninguna. Vopnahlé var undirritað nú fyrir skemmstu en ekki eru allir sammála um hvort það hefur haldist. Hafa báðar fylkingar, stjórnarherinn og uppreisnarmenn, bent á hvor aðra og sakað hinn aðilann um að rjúfa vopnahlé.



UPPÁHALD ÞJÓÐARINNAR  
Afmælisbarn dagsins ætlar að eyða afmælisdegnum í fadmi fjölskyldunnar að þessu sinni.

## Páll Óskar fagnar í dag

Tónlistarmaðurinn og gleðigjafinn Páll Óskar Hjálmtýsson heldur upp á 45 ára afmælið. Hann fagnar einnig sýningu á Rokksafninu sem byggð er á lífi þessa poppkóns Íslands.

„Loksins náðist að opna sýninguna,“ segir Páll Óskar, en í gær var opnuð sýning hans í Rokksafninu í Reykjanesbæ. Upphaflega stóð til að opna hana á laugardaginn en sökum veðurs var ákveðið að biða með opnunina.

Sýningin er nokkurs konar yfirlitssýning um líf Palla en henni er skipt niður eftir tímabilum. Þar má berja augum þúninga sem hann hefur klæðst á ferlinum, úrklippur úr gömlum dagblöðum, teikningar, dagatöl og að ógleymdum Nokia 6110-símanum sem hann átti lengur en góðu hófi gegndi.

Í dag, á afmælisdaginn sjálfan, hefur Palli hins vegar í hyggju að bjóða nánasta skyldfólki sínu í mat heim til sín. „Og það er sko ekkert grín,“ segir afmælisbarnið. Páll er

yngstur sjö systkina og þegar búið er að bjóða systkinum, mökum þeirra og afkomendum auk viðhengja og barna þeirra, telur hópurinn alls 33.

„Ég nýt þeirrar blessunar að Ásdís, elsta systir mín, starfar sem kokkur og hún ætlar að elda lambapotttrétt ofan í liðið í einhverjum tröllapotti. Það fellur síðan í minn hlut að búa til forláta kartöflustöppu í meðlæti,“ segir Páll. „Okkur hlýtur að takast það að koma öllum fyrir í íbúðinni minni.“

Spurður hvort hann sé mikið afmælisbarn, samanber það að vera jólabarn, segir Páll að yfirleitt láti hann sér nægja að bjóða sínum allra nánustu vinum í mat, spjall og spil. „En þar sem þetta er nú svona miðlungsafmæli þá er allt í lagi að bjóða stórfjölskyldunni.“

Fyrir fimm árum hélt Palli upp á eftirminnilegasta afmælið sitt, en þá varð hann fertugur. Herlegheitin fóru fram á Nasa og Hemmi Gunn var veislustjóri. Meðal þeirra sem komu fram voru Baggalútsmenn, Brynhildur Björnsdóttir leikkona hélt ræðu og kvöldinu var svo slútt að með heljarinnar dansleik þar sem Palli sá um tónlistina.

„Þetta tókst frábærlega upp þá. Það komu um sjö hundruð manns sem var allt frábært fólk sem ég hef kynnst í gegnum tíðina,“ segir Páll, en bætir við að það sé ekki hægt að hafa slíka veislu í hvert einasta skipti.

Sýning Páls verður áfram opin í Hljómahöllinni og áhugasamir geta sótt sér plötur hans inn á pallaslokar.is.

johannoli@frettabladid.is

Elskulegur eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÓRÐUR SIGURÐSSON**  
málarameistari,

sem lést föstudaginn 27. febrúar,  
verður jarðsungið frá Hafnarfjarðarkirkju,  
þriðjudaginn 17. mars kl. 13.00.

**Anna Jens's Óskarsdóttir**  
**Óskar Þórðarson**  
**Reynir Þórðarson**  
**Margrjet Þórðardóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Sue Þórðarson**  
**Stefanía Kristín Sigurðardóttir**  
**Arnór Skúlason**  
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTJANA JÓNSDÓTTIR**  
Bræðratungu 8, Kópavogi,

lést 25. febrúar. Útför hennar fer fram  
frá Digraneskirkju 18. mars kl. 13.00.  
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja  
minnast hennar er bent á Minningarsjóð Félags aðstandenda  
Alzheimer-sjúklinga: s. 533-1088, alzheimer.is.

**Jón Hrólfur Sigurjónsson**  
**Hörður Sigurjónsson**  
**Anna Rósa Sigurjónsdóttir**  
**Helga Sigurjónsdóttir**  
**Heiðar Sigurjónsson**  
**Sveinn Sigurjónsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**G. Erla Sigurbjarnadóttir**  
**Jens Ágúst Jóhannesson**  
**Steinar Sigurðsson**  
**Sólveig Jörgensdóttir**  
**Erla Skaftadóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

**Þegar andlát ber að höndum**

önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Elín Sigrún Jónsdóttir  
frankvæmdastjóri

Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta

Frímánn Andriðsson  
útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir  
útfararstjóri

Rósa Kristjánsdóttir  
útfararstjóri

Guðmundur Baldvínsson  
útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason  
útfararþjónusta

Ellert Ingason  
útfararþjónusta

Katla Þorsteinsdóttir  
lögfræðisþjónusta

**Við þjónum allan sólarhringinn**  
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - [www.utfor.is](http://www.utfor.is)





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## HEILRÆÐI

Til að forðast krossmit í eldhúsi er ráð að nota hvert sitt skurðarbrettið undir mismunandi hrávöru. Gott er að vera með bretti í ólíkum litum. Til dæmis rautt fyrir kjöt, hvítt fyrir fisk og grænt fyrir grænmeti.



## TUDOR RAFGEYMAR

Er jeppinn tilbúinn fyrir páskaferðalagið?



### TUDOR High Tech rafgeymar.

95 Ah, 800 Amper.  
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).  
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending.  
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.  
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.  
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.



TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

# HEILBRIGÐ LAUSN VIÐ SVEFNVANDA

**BALSAM KYNNIR MAGNOLIA OFFICINALIS** – Nýjasta fæðubótarefnið frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja aðstoð við svefnvandamálum, stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni, vinna gegn þunglyndi, kvíða og depurð og bæta andlega og líkamlega líðan.

**B**örkur af plöntunni MAGNOLIA OFFICINALIS, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir tvö þúsund ár í Asíu. Rekja má lækningamátt hans til náttúrulegu efnanna honokiol og magnolol. Börkurinn virkjar taugaboðefni í heilanum og hefur vöðvaslakandi áhrif sem stuðla að heilbrigðum samfelldum svefni ásamt því að vinna vel gegn kvíða og þunglyndi með því að koma jafnvægi á hormónið cortisol sem er stundum kallað stresshormónið.

Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að magnolia-börkur gæti hugsanlega verið árangursríkari en þunglyndislyfið Valium.

Nýlega hefur m.a. verið fjallað um magnolia-börkinn í fræðiritinu „The Nutrition Journal“ og á vefsíðunni www.WebMD.com

**ÞRIÐJUNGUR ÍSLENDINGA MED SVEFNVANDA EÐA ÞUNGLYNDI** MAGNOLIA OFFICINALIS er á hraðri leið með að verða ein vinsælasta lausnin gegn svefnvandamálum og þunglyndi í heiminum og er nú m.a. fánlegt í fjölda apóteka, Fjarðarkaupum og Heimkaupum (frí heimsending).

**BETRI SVEFN, BETRI LIÐAN** Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri hjá Balsam, segir magnolia-fæðubótarefni frábæra lausn fyrir þá sem vilja náttúrulega lausn til að bæta svefn og almenna líðan. Hann bendir sem flestum á að kynna sér magnolia-börkinn á netinu.



## ALDREI SOFIÐ BETUR

„Magnolia hjálpar mér ekki einungis að sofna heldur steinsef ég alveg til morguns og vakna hress og kát.“

Hrafnhildur Ólafsdóttir



## SÖLUSTAÐIR

Fánlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfju, Apótekinu, Apótekanum, Lyfjum og heilsu, Lyfsalanum, Lifandi markaði, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Orkusetrinu, Heilsuhorninu Blómavali, Heilsuveri, Heilsulausn.is og Heimkaupum.



## GEZE



## Sjálfvirkur hurðaropnunarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi. Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

JARN&GLER

Skútuvogi 1h | 104 Reykjavík | Sími: 585 8900 | jarngler.is

# Fermingar tilboð

Valhöll 5 svæðisskipt heilsudýna

Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Verð aðeins kr. 79.900.-**

140x200 cm **Verð aðeins kr. 89.900.-**

Erum farin að taka niður pantanir. Væntanleg sending í lok mars.

12 mán. vaxtalausr greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



GJÖF FYLGIR

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingar-rúmum í ár



Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: HúsgagnaVal - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**MATRIX**  
Amplify frá Total Result gefur hárinu meiri lyftingu. Fáðu **20% afslátt** af öllum vörum Total Result - á öllum Matrix sölustöðum landsins.  
Finndu okkur á „Matrix á Íslandi“

FÓLK|



**NOTAGILDI** Nýju hlutina þróaði Hanna Dís út frá hugmyndum sýningargesta um hvernig mætti nota keramikhluti sem hún sýndi árið 2012.  
MYND/HANNA DÍS

**NÝTT – NÝTT**  
8 rétta hlaðborð í hádeginu  
**TILBOÐ**  
**KR. 1.590.-**  
OPIÐ KL. 11:00-14:00  
Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.  
**Kinahofid**  
NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

Heilsuréttir fjölskyldunnar  
Indverskar grænmetisbollur með dödlunauki og jóгурtsósu

**VÖRULÍNA BYGGÐ Á UPPÁSTUNGUM GESTA**

**ÍSLENSK HÖNNUN** Hanna Dís Whitehead er ein þeirra hönnuða sem sýna í Hannesarholti á HönnunarMars. Hanna sýnir vörur sem byggðar eru á uppástungum gesta um notkunarmöguleika og sýnir einnig nýja textillínu.

Önnur sýningin mín sýnir hönnunarferlið frá A til B en hún byggir á verkefni sem ég sýndi í Sparki árið 2012. Það var keramik sem hafði enga fyrirfram ákveðna notkunarmöguleika heldur setti fólk sínar hugmyndir í hlutina. Sýningin samanstóð af mismunandi ílátum með mismunandi handföngum, staðsettum á mismunandi stöðum og fólk stakk upp á vörum út frá því hvernig það gat hugsað sér að nota þessi ílát. Ég safnaði þessum sögum saman og þróaði í nýjar vörur sem ég sýni frumgerðir af núna,“ útskýrir Hanna Dís Whitehead vöruhönnuður sem sýnir nú í Hannesarholti, Grundarstíg 10.

„Til dæmis vildi einn gesta nota eitthvert ílátið sem bolla, setja lok ofan á og nota undir te. Nú er það orðið að tekönnu með tveimur bollum með loki.“

Á þessari sýningu ætlar Hanna sér einnig að safna sögum og uppástungum gesta en sýningargestir geta teiknað upp hugmyndir eftir sérstökum stenslum sem Hanna útbjó fyrir sýninguna. Þær hugmyndir gætu síðar orðið að vörum. Hún segir áhugavert að vinna á þennan hátt.

„Það að hefja ferlið svona opið býður upp á kosti og galla. Með því að vinna þetta svona fékk ég að vita hver þörfin væri. Þetta snerist ekki um eftirspurn heldur þörf, lausn á ákveðnu vandamáli og það var gaman að geta hannað vöru sem fólk hafði not fyrir, en það var líka miður ef fólk vildi nota hlutinn sem eitthvað ákveðið sem gekk ekki fullkomlega upp.“

Á sýningunni í Hannesarholti er einnig að finna textillínu eftir Hönnu Dís sem einnig er framhald af eldri keramikverkum, sem hún kynnti á HönnunarMars í fyrra.

„Þetta eru sýnishorn af textil-



**SÝNIR Í HANNESARHOLTI** Hanna Dís Whitehead sýnir nytjahluti og textil í Hannesarholti.



**STENSLAR** Á sýningunni eru einnig stenslar sem Hanna Dís útbjó svo gestir geti teiknað upp fleiri hugmyndir að notkunarmöguleikum fyrir vörurnar.

línu, viskustykki, sem prentað er á með stafrænni prentun en munstrin koma frá munstruðum keramikhlutum sem ég sýndi hér í Hannesarholti í fyrra. Ég mun

sýna línuna í heild sinni síðar á árinu,“ segir Hanna Dís.

Sýningin var opnuð á HönnunarMars en stendur fram yfir næstu helgi.

■ heida@365.is





**heimili**  
fasteignasala  
- á traustum grunni



**Bogi Pétursson**  
lögg. fasteignasali



**Finnboji Hilmarsson**  
lögg. fasteignasali



**Karen Sævarsdóttir**  
MBA markaðsfræði



**Stefán Már Stefánsson**  
sölufultrúi



**Guðbjörg G. Blöndal**  
lögg. fasteignasali



**Ásdís Irena Sigurðardóttir**  
skjalagerð



**Brynjólfur Snorrason**  
sölufultrúi



Finndu okkur á Facebook

**530 6500**

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

**530 6500**

Allir þurfa þak yfir höfuðið

**588 4477**

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



**Bárdur Tryggvason**  
Eigandi  
Sölufultrúi  
896 5221

**Ingólfur Geir Gissurarson**  
Eigandi  
Framkvæmdastjóri  
Lögg. fasteignasali  
896 5222

**Heiðar Friðjónsson**  
Söluhjálpari  
Löggiltur  
fasteignasali B.Sc.  
693 3356

**Vilborg Gunnarsdóttir**  
Vöskiptafræðingur M.Sc.  
Lögg. fasteignasali  
891 8660

**Erlendur Davíðsson**  
Lögg. fasteignasali  
Forstöðumaður útibús Olafsvík  
897 0199

**Margrét Sigurgeirsdóttir**  
Skrifstofustjóri  
margret@valholl.is  
588 4477



**Heimir Bergmann**  
Sölufultrúi  
630 9000



**Pétur Steinar Jóhannsson**  
Sölufultrúi  
Snaðelfelless  
893 4718



**Garðar Kjartansson**  
Sölufultrúi  
853 9779



**Ellert Róbertsson**  
Sölufultrúi  
893 4477



**Þórunn Pálsdóttir**  
Verkfæringur MBA  
Sölufultrúi  
773 6000



**G. Andri Guðlaugsson**  
Lögræðingur  
Sölufultrúi  
662 2705



**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA



VALHÖLL  
FASTEIGNASALA  
1995 - 2015

[www.valholl.is](http://www.valholl.is) · [www.nybyggingar.is](http://www.nybyggingar.is)

## Fjölbýli í fallegu umhverfi

Heimili fasteignasala, sími 530 6500, kynnir til sölu og sýnis glæsilega nýbyggingu í Urriðaholti í Garðabæ.

Við Hraungötu 1 í Garðabæ byggja Pétur og Kristinn ehf. Húsið er átta íbúða lyftuhús á fimm hæðum með opið bílskýli. 3ja og 4ra herbergja íbúðir, allar með stæði í opnu bílskýli, stærðir 118-176 fm. Íbúðirnar eru bjartar með stórum svölum. Vandaðar innréttingar og tæki, gólfefni fylgir að hluta. Á hverri hæð eru tvær íbúðir nema á fyrstu og fimmtu.

Á fyrstu hæð er ein íbúð með góðri verönd og á fimmtu hæð er ein þriggja herbergja íbúð með þaksvölum. Húsið er hannað af teiknistofu Ingimundar Sveinssonar með nútíma þægindi og gæðakröfur að leiðarljósi þar sem áhersla er lögð á gæði byggðarinnar og aðlaðandi umhverfi.

Skipulag Urriðaholts er unnið frá grunni með sjálfbæra þróun



Hraungata er í nýju hverfi í Garðabæ.

og virðingu fyrir umhverfi í huga. Nýjar leiðir hafa verið farnar til að ná því markmiði svo sem með ákveðnu skipulagi í landmótun, gatnahönnun og meðhöndlun yfirborðsvatns. Bygging grunn- og leikskóla í Urriðaholti

er að hefjast á vegum Garðabæjar.

Vandaðar íbúðir á góðum útsýnisstað skammt frá ört rísandi þjónustukjarna. Nánari upplýsingar á skrifstofu fasteignasölnunnar Heimilis.


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**Einar Páll Kjærsted**  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLT 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Desjamýri 7 - 270 Mosfellsbær



28 m2 geymsluhúsnæði/bílskúrar á lokuðu svæði við Desjamýri 7 í Mosfellsbæ. Þetta er mjög góður kostur fyrir iðnaðamenn, eða dótakassi fyrir leikföngin, svo og sem geymsla. **V. 3,7 m.**

### Kjarrhólmi 10 - 200 Kópavogur



Björt og vel skipulögð 89,5 m2, 4ra herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofuhol, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. **V. 27,9 m.**

### Sandavað 9 - 110 Reykjavík



Falleg 93 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílalkjallara í lyftuhúsi. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. Fallegt útsýni og svalir í suðvestur. Góð staðsetning, stutt í skóla og leikskóla. **V. 30,9 m.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

### Melabraut 16 - 170 Seltj.nes.



Laus strax

Falleg 109,7 m2, 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum í fjörbýlishúsi. Á hæðinni er hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa. Á rishæð er herbergi og gott geymslupláss. **V. 33,1 m.**

### Urðarholt 5 -270 Mosfellsbær



Laus strax

Björt og vel skipulögð 64,3 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar. **V. 21,5 m.**

### Skeljatangi 17 - 270 Mos.



Laus strax

94,2 m2 4ra herbergja íbúð á 2.hæð með sérinngangi í fjörbýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, geymslu, eldhús og stofu. Vinsæll staður rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamrækt. **V. 28,9 m.**

### Leirvogstunga 15 - 270 Mosfellsbær



Mjög glæsilegt og mikið endurnýjað 406,7 m2 einbýlishús með stórum bílskúr á 1.261,2 m2 eignarlóð við Leirvogstungu 15 í Mosfellsbæ. Um er að ræða glæsilegt tveggja hæða einbýlishús sem býður upp á mikla möguleika, vegna aukabúðar eða til að þjóna stórrí fjölskyldu. Sjón er sögu ríkari. **V. 74,5 m.**

### Stórikriki 3 - 270 Mosfellsbær



Laus strax

Fallegt og vel skipulagt 219,5 fm endarahús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og stórrí lóð. Skemmtilegt fjölskylduhús með 4-5 svefnherbergjum. **V. 47,5 m.**


### Stórikriki 56 -270 Mosfellsbær



262,1 m2 efri sérhæð með bílskúr í tvíbýlishúsi við Stórikriki 56 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, þrjú góð barnaherbergi, hjónaherbergi m/sér baðherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Íbúðin er 214,8 m2 og bílskúrin 47,3 m2. **V. 54,0 m.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

### Hulduhlíð 2 -270 Mosfellsbær



OPIÐ HÚS

158,8 m2 endarahús á einni hæð með bílskúr við Hulduhlíð 2 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 125,2 m2 steinsteyppt raðhús á einni hæð ásamt 33,6 m2 fristandandi bílskúr á stórrí hornlóð við Hulduhlíð. **V. 45,9 m.**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**





**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Söluumaður  
gjsli@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Ægisíða - Glæsileg eign.



Glæsileg 216,2 fm. efri sérhæð og ris í mjög fallegu, virðulegu og nýviðgerðu steinhúsi á frábærum stað við opna svæðið á Ægisíðu með glæsilegu sjávarútsýni og fernum svölum. Glæsilegar samliggjandi stofur með bókaherbergi innaf, stórt eldhús, 5 svefnherbergi, tvö nýleg baðherbergi, gestasalerni o.fl. Fallegir gíflistar og rósettur í loftum í stofum og í bókaherbergi. Bílskúrsréttur fylgir eigninni auk góðra bílastæða á lóð.

### Stigahlíð - Frábær staðsetning við opið svæði.



Mjög fallegt og vel skipulagt 325,4 fm. einbýlishús á 3 pöllum efst í Stigahlíð við opið svæði. Stórar og skjólsælur verandar með heitum potti og mjög falleg og gróin lóð. Allt að 6 svefnherbergi eru í húsinu, 3 baðherbergi og sérlega glæsilegar stórar stofur með arni. Fallegt útsýni er til allra átta úr stofum og sólskála. Lóðin er með skjólsælli verönd til suðurs með heitum potti og annarri til austurs.

**Verð 90,9 millj.**

### Eyvindarholt - Einstök staðsetning á Álftanesi.



Glæsilegt og algjörlega endurbyggt frá grunn 240,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum sem er búið að skipta í þrjár íbúðir sem eru allar með séringangi. Húsið stendur á 2.532 fm. eignarlóð og er einstakt útsýni af báðum hæðunum. Eldra hús sem stóð á lóðinni var rífið árið 2002 og byggt nýtt hús á grunninum og síðan byggð 84 fermetra vinnustofa við húsið árið 2004 sem er nýtt sem íbúð í dag.

**Verð 67,0 millj.**

Eignin stendur á einum besta stað á Álftanesinu með ótrúlegu útsýni til Bessastaða og víðar.

## LÓÐIR VIÐ PINGVALLAVATN



### Eignarlóðir við Pingvallavatn

#### 7.400 fermetra eignarlóðir niður við Pingvallavatn

Höfum fengið til sölu meðferðar tvær 7.400 fm. samliggjandi vatnslóðir á einstökum stað alveg niður við Pingvallavatn í landi Villingavatns, samtals 1,48 hektarar að stærð.

Skv. nýju deiliskipulagi má byggja allt að 223ja fermetra hús á hvorri lóð, þar af allt að 40 fermetra bílskúr/bátaskýli.

Frá lóðunum nýtur óhindraðs útsýnis yfir Pingvallavatn og til fjalla.

### Vesturbrún. Frábær staðsetning.



Stórglæsilegt 273,2 fm. (skráð 259,2 fm) einstakt einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað við opna svæðið í Vesturbrún. Húsið er teiknað af Halldóri Gíslasyni að innan sem utan og er einstakt að allri gerð, frábærlega skipulagt og með miklum og vonduðum sérsmiðuðum innréttingum. Setustofa með arni og útbýggðum glugga til suðurs. Kóníaksstofa með mikilli lofthæð. Borðstofa með gólfsíðum gluggum. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Lyfta er í húsinu.

Glæsileg skjólgóð afgirt og mjög privat baklóð.

### EINSTAKLINGSÍBÚÐ



#### SUÐURHÓLAR.

38,2 fm. einstaklingsíbúð ásamt 4,7 fm geymslu samtals 42,9 fm. Íbúðin er á jarðhæð með séringangi. Eignin skipist í forstofu, baðherbergi, eldhús og stofu. Möguleiki að byggja sólskála út frá stofu.

**14,7 millj.**

### 2JA HERBERGJA



#### FRAKKASTÍGUR – TVÆR ÍBÚÐIR.

• 44,3 fm. íbúð á 1. hæð. **Verð 19,9 millj.**  
• 45,4 fm. kjallaraíbúð með séringangi auk 24,5 fm. geymsluskúr á baklóð. **Verð 21,9 millj.**  
Bárujárnsklaett timburhús á steypum kjallara og nýlega endurnýjað að utan fyrir ári síðan.

### 2JA HERBERGJA



#### KÓPAVOGSBRAUT.

Glæsileg 61,9 fm. íbúð á 1. hæð með suðursvölum í sunnanverðum Kópavogi. Húsið var allt endurbyggt árið 2010 og er í mjög góðu ástandi að utan og innan. Á þessum tíma var íbúðin innréttað uppá nýtt og skipt um gler og glugga. Hús er klætt að utan með áli.

**25,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### LANGALÍNA - GARÐABÆ.

123,9 fm. íbúð á 1. hæð auk sér bílastæðis í bilageymslu. Frábær staðsetning við opið svæði. Fallegar samstæðar innréttingar úr eik. Filt teppi og flisar á gólfum. Mjög stórir og bjartir gólfsíðir gluggar í stofu. Góðar flisalagðar vestur svalir.

**37,9 millj.**

## LAUGAVEGUR



### Laugavegur 86-94. Fimm glæsilegar íbúðir.

Höfum fengið til einkasölu fimm glæsilegar íbúðir á 3. hæð í nýlegu og vonduðu fjölbýlishúsi með lyftu í hjarta miðborgarinnar, samtals 470 fermetrar að stærð. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Svalir eru á öllum íbúðum og sér bílastæði fylgir hverri eign. Eignirnar seljast í einu lagi. Upplagt tækifæri fyrir skammtímaútleigu. **Verð 225,0 millj.**

## NAUSTAVÖR



### Naustavör 2 – Kópavogi. Nýjar íbúðir í Bryggjuhverfinu í Kópavogi.

Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 83,1 fm. upp í 140,7 fm. og verða með vonduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vonduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bilageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum. **Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.** Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.





# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

## SÚLUNES



### Súlnes – Garðabæ

Mjög fallegt og vandað 291,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 64,0 fm. tvöföldum bílskúr á 1.469,0 fm. eignarlóð á Arnarnesinu í Garðabæ. Húsið, sem hefur verið mjög vel viðhaldið og nokkuð endurnýjað í gegnum árin er í góðu ástandi að innan sem utan. Hjónasvita með sér baðherbergi. Alrými sem í eru parketlögð setustofa og arinstofa með fallegum arni. Mjög mikil lofthæð í stofum og fallegt útsýni til sjávar. Úr stofum er útgengi á svalir til suðausturs. Lóðin er fullfrágengin og ræktuð með stórum og skjólsælum veröndum.

Verð 93,0 millj.

### Langholtiavegur 79 - 2ja herbergja íbúð.



Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

60,7 fm. 2ja herbergja kjallaraíbúð með sérinnngangi við Langholtiavegin. Snrytleg viðarinnrétting í eldhúsi og á baðherbergi. Snrytleg sameign með sameiginlegu þvottaerbergi.

Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Íbúðin er laus og til afhendingar strax.

Verð 18,5 millj.

Verið velkomin.

### Suðurrhólar 24 - Einstaklingsíbúð.



Góð 38,2 fernetra einstaklings íbúð ásamt 4,7 fm geymslu samtals 42,9 fernetir. Íbúðin er á jarðhæð með sérinnngangi og skipst í forstofu, baðherbergi, eldhús og stofu. Möguleika að byggja sólskæla út frá stofu. Búð er að klæða bakhlíð hússins.

Verð 14,7 millj.

Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning

## SÉRBÝLI



### KLEIFARSEL.

Mjög fallegt og vel skipulagt 212,6 fm. einbýlishús á frábærum stað neðst í botnlanga. Stofa/borstofa með fallegum arni. Eldhús með miklum eikarinnréttingum. 4 góð herbergi, öll með skápum. Lóðin er mjög snrytleg með góðum sólpalli. Stórt bílapan fyrir framan bílskúr.

Frábær staðsetning við opið svæði og Seljaskóla.

57,0 millj.

## SÉRBÝLI



### NÚPABAKKI.

Afar glæsilegt og vel skipulagt 211,2 fm. raðhús á þöllum með innb. 22,0 fm. bílsk. Stórar svalir eru til suðvesturs útaf stofum og afgirt og skjólsæl viðarverönd. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á sl. árum, m.a. bæði baðherbergin, eldhúsinrétting, gólfefni að hluta og allt gler. Alrými sem í eru rúmgóðar og bjartar stofur með mikilli lofthæð og eldhús. Sjónvarpstofa og 4 herbergi.

52,9 millj.

## 4RA - 6 HERBERGJA



### ÁLFHEIMAR - 4RA HERBERGJA ÍBÚÐ.

Vel skipulögð 4ra herbergja 105,1 fm. íbúð á 4. hæð í mjög góðu, nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýlishúsi. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Rúmgóð stofa með útgengi á skjólsælur suðursvalir. Þrjú rúmgóð herbergi. Staðsetning eignarinnar er mjög góð. Stutt er í leikskóla, skóla og verslanir auk þess sem Laugardalurinn er við hlíð hússins.

32,9 millj.



### LJÓSAÐUR - GARÐABÆ.

Stórglæsilegt 223,1 fm. tvílyft raðhús að meðtöldum 28,2 fm. bílskúr. 3 góð svefn. og stórar svalir til suðurs og vesturs ofan á bílskúr. Efri hæðin er öll mjög opin og rúmar stofu, borðstofu og eldhús. Eldhús með háglans innréttingum og vönduðum tækjum. Svalirnar eru um 45 fm. að stærð og með fallegu útsýni til vesturs.

Frábær staðsetning. Stutt er í leik-, grunn og framhaldsskóla. 68,5 millj.



### LAUFENGI.

Mjög fallegt 119,4 fm. raðhús á tveimur hæðum í Grafarvogi. Stofa og borðstofa með útgengi í afgirtan garð í suður. Fjögur herbergi auk fataherbergis á gangi. Suðursvalir út af hjónaherbergi. Garður er hellulagður með antik hellum og með fallegum gróðri. Tvö bílastæði fyrir framan hús. Bílskúsréttur.

38,5 millj.



### NESHAGI. NEÐRI SÉRHÆÐ

Glæsileg 4ra herbergja 102,0 fm. neðri sérhæð með svölum til suðurs á frábærum stað við Neshaga í Reykjavík. Baðherbergi er nýlega endurnýjað sem og raflagnir. Eldhúsinréttingar eru nýlegar, hvítar sprautulakkaðar. Samliggjandi bjartar stofur og tvö herbergi. Úr stofum er útgengi á svalir til suðurs. Mjög fallegar uppruna- legar innihurðir og hurðakarmar eru í íbúðinni.

39,9 millj.



### GRANASKJÓL. ENDARAÐHÚS.

